

ÁRSSKÝRSLA 2005–2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

### **Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

# ÁRSSKÝRSLA 2005–2006

AÐALFUNDUR  
25. APRÍL 2006



**EFNISYFIRLIT**

ÁVARP FORMANNS . . . . .	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins . . . . .	4
2. Kafli: Efnahags- og atvinnumál . . . . .	7
3. Kafli: Kjaramál og samningar . . . . .	13
4. Kafli: Stofnanir á vinnumarkaði . . . . .	15
5. kafli: Jafnréttismál . . . . .	18
6. Kafli: Lífeyrismál . . . . .	20
7. Kafli: Umhverfismál . . . . .	23
8. Kafli: Samskipti við stjórnvöld . . . . .	25
9. Kafli: Erlend samskipti . . . . .	28
10. Kafli: Menntamál . . . . .	32
11. kafli: Útgáfa og kynning . . . . .	35
12. Kafli: Rekstur SA, innra starf og skipulag . . . . .	38
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . .	42
Áritun endurskoðanda . . . . .	43
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2005 . . . . .	44
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA . . . . .	45
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA . . . . .	46

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason  
 Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Jóhannes Long, Kristján Maack, Hreiðar Þór Björnsson, starfsfólk SA o.fl.  
 Hönnun og umbrot: Oddi ehf.  
 Prentvinnsla Oddi ehf.

# ÁVARP FORMANNS



**Ingimundur Sigurpálsson**

formaður Samtaka atvinnulífsins

Góður árangur íslensks atvinnulífs, vaxandi þensla í þjóðfélaginu og horfur á minnkandi stöðugleika í efnahagsmálum hafa einkum sett mark sitt á síðasta starfsár Samtaka atvinnulífsins. Ófullnægjandi aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, aukið lánshlutfall og hækkuð hámarkslán íbúðalánasjóðs í samkeppni við fjármálafyrirtæki á markaði svo og takmarkanir og flækjustig á aðgengi erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði á sama tíma og skortur er á innlendu vinnuafli hafa jafnframt verið ofarlega á baugi.

Undanfarin ár hafa samtökin lagt mikla áherslu á nauðsyn öflugra mótvægisáðgerða vegna mikilla fjárfestinga og umsvifa í íslensku atvinnulífi. Þessi atriði, sem helst einkenndu liðið starfsár, eru mörg hver þvert á móti til marks um veikleika í efnahagsstjórninni, sem Samtök atvinnulífsins hafa löngum varað við; veikleika, sem ýtt hafa undir þenslu í íslensku efnahagslífi. Nú hillir undir breytingar til batnaðar hvað varðar greiðari aðgang erlends starfsfólks og eðlilegra samkeppnisumhverfi í íbúðalánamarkaði. Enn er hins vegar verk að vinna varðandi samdrátt í umsvifum og framkvæmdum á vegum hins opinbera á tímum þenslu í efnahagslífinu, og framganga sveitarfélaga í kjarasamningum undanfarna mánuði, sem ekki hefur verið sýnt fram á með trúverðugum hætti, hvernig staðið verður undir, staðfestir það sannarlega, að úrbætur eru brýnni á vettvangi hins opinbera en nokkru sinni fyrr.

Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voru í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga teknar til skoðunar í nóvembermánuði 2005. Samningsaðilar voru sammála um að forsendur samninga hefðu ekki staðist og mætti að mestu rekja það til hækkunar verðlags frá upphafi samningstíma í marsmánuði 2004, einkum vegna hækkunar á húsnæðisverði. Ekki kom til uppsagnar kjarasamninga, þar sem samkomulag náðist um framhald samninga í krafti viðbótar launahækkana, kerfisbreytinga á atvinnuleysisbótum og aðkomu ríkisvaldsins að lífeyris- og starfsmenntamálum. Það var mat Samtaka atvinnulífsins, að kostnaðarhækkunir vegna þessa væru réttlætanager, þrátt fyrir erfiða stöðu margra fyrirtækja, þar sem óvissan fylgjandi yfirvofandi uppsögn kjarasamninga hefði getað reynst mun kostnaðarsamari. Vonir standa til þess, að með samkomulaginu hafi tekist að tryggja frið á vinnumarkaði til ársloka 2007, en blikur eru þó á lofti, sem sérstaklega þarf að huga að.

Meðal annarra mikilvægra viðfangsefna í starfi Samtaka atvinnulífsins á liðnu starfsári má nefna lífeyrismál, umhverfismál, skattamál, starfsmenntamál og málefni erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði. Fyrir liggur, að taka þurfi á ýmsum þáttum á sviði lífeyrismála og gáfu Samtök atvinnulífsins af því tilefni út viðamikla skýrslu fyrir skömmu um stöðu og horfur í þeim efnum. Þá hafa samtökin að vanda beitt sér í ýmsum málum, er varða starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, svo sem á sviði eftirlits með atvinnustarfsemi, og sömuleiðis hafa þau veitt aðildarfyrirtækjum sínum margvislega þjónustu, ekki síst á sviði kjara- og vinnumarkaðsmála.

Á undanförunum árum hefur íslenskt atvinnulíf skilað verulegum árangri. Hagvöxtur hefur verið með allra mesta móti hér á landi, Ísland er ofarlega á lista OECD yfir ríkustu þjóðir heims og er íslenskt hagkerfi jafnframt ofarlega á blaði yfir samkeppnishæfustu hagkerfi í víðri veröld. Erlend fjárfesting hér á landi er í sögulegu hámarki, fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa margfaldað umsvif sín erlendis og verulegur uppgangur hefur verið á hlutabréfamarkaði. Á sama tíma hefur hátt gengi krónunnar reynst erfitt mörgum fyrirtækjum í útflutningi og alþjóðlegri samkeppni.

Fyrir ári síðan kynntu Samtök atvinnulífsins tillögur í ellefu mála-flokkum í ritinu *Áherslur atvinnulífsins*. Þeim er ætlað að stuðla að bættu starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og þar með áframhaldandi stöðu Íslands í fremstu röð. Sums staðar hefur árangur náðst, til dæmis varðandi greiðari aðgang erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði, væntanlegar breytingar á samkeppnisumhverfi í íbúðalánum og breytingar á lagareglum samlagssjóða, sem nýtast munu lífeyrissjóðum og fleiri fjárfestum til stuðnings við nýsköpun. Er þess vænst, að frekari árangurs megi vænta með framkvæmd tillagna samtakanna, en allar miða þær að því að treysta atvinnulífið enn frekar og þar með lífskjör í landinu. Samtök atvinnulífsins hafa auk þessa lagt fram ýmsar rökstuddar tillögur til kerfis- og lífskjarabóta í íslensku samfélagi og eru um þessar mundir að vinna að tillögum til umbóta í heilbrigðiskerfinu, þar sem samtökin telja unnt að ná fram verulegri hagræðingu, en um fjörutú prósentum fjárlaga er varið til heilbrigðis- og almannatrygginga og fer þörfin á fjármagni þar sífellt vaxandi.

Á tímum síaukinnar alþjóðlegrar samkeppni er sérstaklega brýnt, að opinber þjónusta verði rekin á hagkvæmasta hátt og að íslenskum fyrirtækjum verði ætíð tryggð bestu starfsskilyrði. Við verðum að hafa það hugfast, að þær þjóðir, sem ekki taka þátt í hinni alþjóðlegu samkeppni, dragast aftur úr. Samtök atvinnulífsins vilja leggja sitt af mörkum til þess að íslenskt atvinnulíf standi sig áfram í alþjóðlegri samkeppni, að lífskjör verði hér með allra besta móti og að Ísland verði ávallt í fremstu röð í efnalegu og félagslegu tilliti.

# STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



## 1.1 AÐALFUNDUR SA 2005

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 3. maí 2005. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

## 1.2 FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður  
Íslandsþóstur hf.

Þorgeir Baldursson varaformaður  
Oddi hf., prentsmiðja

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband isl. útvegsmanna

Hreiðar Már Sigurðsson  
Kaupþing banki hf.

Hrund Rudolfsdóttir  
Eignarhaldsfélagið L&H hf.

Kristín Jóhannesdóttir  
Fjárfestingafél. Gaumur ehf.

Vilmundur Jósefsson  
Gæðafæði ehf.

Áheyrnarfulltrúi  
Grímur Sæmundsen  
Bláa Lónið hf.

## 1.3 STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður SA  
Íslandsþóstur hf.

Arnar Sigurmundsson  
Samtök fiskvinnslustöðva

Björgólfur Jóhannsson  
Síldarvinnslan hf.

Brynjólfur Bjarnason  
Siminn hf.

Eiríkur Tómasson  
Þorbjörn-Fiskanes hf.

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband isl. útvegsmanna

Grímur Sæmundsen  
Bláa Lónið hf.

Guðmundur Ásgeirsson  
Nesskip hf.

Gunnar Sverrisson  
Íslenskir aðalverktakar hf.

Hjörleifur Jakobsson  
Egla ehf.

Hreiðar Már Sigurðsson  
Kaupþing banki hf.

Hrund Rudolfsdóttir  
Eignarhaldsfélagið L&H hf.

Jens Pétur Jóhannsson  
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs

Kristín Jóhannesdóttir  
Fjárfestingafél. Gaumur ehf.

Loftur Árnason  
Ístak hf.

Óskar Magnússon  
Tryggingamiðstöðin hf.

Ragnhildur Geirsdóttir  
Promens hf.

Rannveig Rist  
Alcan á Íslandi hf.

Sveinn Hannesson  
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson  
Gæðafæði ehf.

Þorgeir Baldursson  
Oddi hf., prentsmiðja

## 1.4 STJÓRN VINNUDEILUSJÓDS SA

Arnar Sigurmundsson, SF  
Bjarni Ármannsson, Glitnir hf.  
Þorgeir Baldursson, Oddi hf., prentsmiðja

## 1.5 STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓDS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ  
Jón Steindór Valdimarsson, SI  
Ragnar Árnason, SA

## 1.6 AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA (miðað við 7. apríl)

### Stjórn LÍÚ

Björgólfur Jóhannsson, formaður  
Adólf Guðmundsson  
Einar Valur Kristjánsson  
Eiríkur Tómasson  
Guðmundur Kristjánsson  
Guðrún Lárusdóttir  
Hjörtur Gíslason  
Kristján Loftsson  
Magnús Kristinsson  
Ólafur Marteinsson  
Ólafur Rögnvaldsson  
Sigurður Bjarnason  
Sigurgeir B. Kristgeirsson  
Þorsteinn Már Baldvinsson  
Þorsteinn Erlingsson

### Stjórn SAF

Jón Karl Ólafsson, formaður  
Anna Sverrisdóttir  
Gunnar Guðmundsson  
Lára B. Pétursdóttir  
Ólafur Torfason  
Sævar Skaptason  
Steingrímur Birgisson

### Stjórn SART

Jens Pétur Jóhannsson, formaður  
Arnbjörn Óskarsson  
Ármann Ármannsson  
Guðmundur G. Breiðfjörð  
Guðmundur H. Jóhannsson  
Magnús Gíslason  
Jóhann Kristján Einarsson  
Óskar Smári Haraldsson  
Sævar Óskarsson  
Tómas R. Zoega

## Stjórn SF

Arnar Sigurmundsson, formaður  
Gunnar Tómasson  
Aðalsteinn Helgason  
Einar Jónatansson  
Einar Sigurðsson  
Ellert Kristinsson  
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir  
Guðmundur Smári Guðmundsson  
Hermann Stefánsson  
Jóhann Pétur Andersen  
Jóhannes Pálsson  
Jón E. Friðriksson  
Kristján G. Jákímsson  
Kristján Hjaltason  
Óskar Garðarsson  
Sigurður Viggósson  
Svavar Svavarsson

## Stjórn SFF

Hreiðar Már Sigurðsson, formaður  
Finnur Ingólfsson  
Gísli Kjartansson

## Stjórn SI

Helgi Magnússon, formaður  
Aðalheiður Héðinsdóttir  
Anna María Jónsdóttir  
Hörður Arnarsson  
Ingvar Kristinsson  
Loftur Árnason  
Sigurður Bragi Guðmundsson  
Þorsteinn Víglundsson

## Stjórn SVP

Hrund Rudolfsdóttir, formaður  
Ásbjörn Gíslason  
Björn Ágústsson  
Brynjólfur Bjarnason  
Finnur Árnason  
Guðmundur Arason  
Ingví I. Ingason

## 1.7 SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA EIGA AÐILD AÐ

### ATVINNULEYSI OG VINNUMIÐLUN

#### Atvinnuleysistryggingasjóður – stjórn

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Aðalm: Erna Hauksdóttir, SAF  
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

#### Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Aðalm: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánisdóttir, SA

#### Ábyrgðasjóður launa

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA  
Varam: Jón H. Magnússon, SA

#### Stjórn Vinnumálastofnunar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Svæðisráð vinnumiðlana

SA skipa þrjú aðalmenn og varamenn þeirra í átta svæðisráð á landinu.

**Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta**

SA skipa tvo aðalmenn og varamenn þeirra í nýu úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta á landinu.

**Ráðgjafarnefnd á sviði vinnuverndar**

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Pétur Reimarsson, SA

**Nefnd félagsmálaráðherra um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði**

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Gústaf Adolf Skúlason, SA

**ALPJÓÐAMÁL****ILO-þing árið 2005 – fulltrúar SA**

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón H. Magnússon, SA

**ILO farmannáþing**

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA

**Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar**

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Ráðgjafarnefnd EFTA**

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

**Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES**

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón H. Magnússon, SA

**Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins**

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

**Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands – stjórn**

Gústaf Adolf Skúlason, SA

**Evrópufræðasetur Viðskiptaháskólans á Bifröst – stjórn**

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlandinga**

Aðalm: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Starfshópur vegna rannsókna og undirbúnings á stofnun átaks í Evrópu í anda Icelands Naturally.**

Aðalm: Gunnar Már Sigurfinnsson, Icelandair ehf.

**EFNAHAGS- OG KJARAMÁL****Kjararannsóknarnefnd**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Kaupskrárnefnd varnarsvæða**

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam: Ragnar Árnason, SA

**Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar**

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

**Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs**

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA

**Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur**

Vilhjálmur Egilsson, SA  
Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um launakannanir**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Samráðshópur um opinber innkaup**

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA  
Aðalm: Kristrún Heimisdóttir, SI  
Aðalm: Brynja Halldórsdóttir, BYKO hf.

**Starfshópur til að undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga**

Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

**Notendahópur Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Nefnd til að skoða kosti og galla verðtryggingar lánssamninga og meta áhrif þess á innlent fjármálakerfi, væri heimild til verðtryggingar afnumin eða settar frekari skorður en þegar er að finna í VI. kafla laga nr. 38/2001**

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam: Guðlaugur Stefánsson, SA

**Nefnd til að fara yfir skattkerfið og varpa ljósi á hvaða þættir gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt**

Vilhjálmur Egilsson, SA

**Nefnd til að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðskerfinu hins vegar**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Nefnd til að fjalla um helstu orsakabætti hásmatvælavæðs á Íslandi**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**FÉLAGSDÓMUR**

Aðalm: Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin hf.  
Varam: Pétur Guðmundarson, Logos lögmannsstofa

**JAFNRÉTTISMÁL****Jafnréttisráð**

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**LÍFEYRISSJÓÐIR**

SA tilnefna 33 fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra í stjórnir 12 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.

**MENNTAMÁL**

SA tilnefna í ýmis ráð og nefndir er fjalla um menntamál. Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.

**SAMGÖNGUMÁL****Flugráð**

Aðalm: Jens Bjarnason, Tækniþjónustan ehf.  
Varam: Hallgrímur Jónsson, Icelandair ehf.  
Aðalm: Jón Karl Ólafsson, Icelandair Group  
Varam: Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands hf.

**Hafnarráð**

Aðalm: Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ  
Varam: Guðmundur Nikulásason, Eimskip ehf.

**Nefnd sem á að yfirfara núverandi vegalög og vinna drög að lagafrumvarpi**

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Aðalm: Árni Jóhannsson, SI

**UMHVERFISMÁL**

**Nefnd um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga**  
Bryndís Skúladóttir, SI

**Nefnd til að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og rafeindaúrgang 2002/96/EB**  
Pétur Reimarsson, SA

**Starfshópur til að undirbúa gildisstöku laga um varnir gegn mengun hafs og stranda**  
Pétur Reimarsson, SA

**Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA**

Pétur Reimarsson, SA  
Bryndís Skúladóttir, SI  
Sigurður Jónsson, SVÞ

**Umhverfisfræðsluráð**

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA  
Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

**Fjórða umhverfisþing**

Pétur Reimarsson, SA

**Dagur umhverfisins 25. apríl 2006 – ákvörðun um veitingu viðurkenninga**  
Bryndís Skúladóttir, SI

**Umhverfismerkisráð**

Pétur Reimarsson, SA



**UMHVERFISMÁL - frh.****Neysluvatnsmál**

Bryndís Skúladóttir, SI

**Endurskoðun á lögum um landmælingar og kortagerð**

Reimar Pétursson, Atorka hf.

**Nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga**

Sveinn Hannesson, SI

**UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL****Samráðshópur um fjarskiptaáætlun 2005–2010**

Guðni B. Guðnason, ANZA hf.

Guðfjinnur Johnsen, LÍÚ

**Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu**

Guðmundur Ásmundsson, SI

**Auðlindir í allra þágu, starfshópur á vegum forsætisráðuneytis**

Hörður Vilberg, SA

**Undirbúningsnefnd vegna Orkuþings**

Gústaf Adolf Skúlason, SA

**Einfaldara Ísland, aðgerðaáætlun**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Starfshópur um fjarskiptasamband við útlönd**

Guðmar Guðmundsson, SUT TM-Software

Stefán Jóhannesson, Þekking hf.

**ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL****Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð**

Vilhjálmur Egilsson, SA

**Stjórn Útflutningsráðs Íslands (tilnefnd af SA og FÍS)**

Aðalm: Valur Valsson, formaður

Aðalm: Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun ehf.

Aðalm: Finnþógi Jónsson, Samherji ehf.

Aðalm: Pétur Björnsson, Ísfell ehf.

Varam: Steinþór Skúlason, Sláturfélag Suðurlands svf.

Varam: Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Actavis hf.

Varam: Gunnar Tómasson, Þorbjörn-Fiskanes hf.

Varam: Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff-Borgarljós hf.

**VINNUVERNDAR-, ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL****Vinnueftirlit ríkisins – stjórn**

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA

Varam: Ragnheiður Héðinsdóttir, SI

Varam: Ásbjörn Einarsson, Mjöll-Frigg hf.

**Heilsuvernd starfsmanna**

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA

Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

**HEILBRIGÐISNEFNDIR****Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur**

Aðalm: Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Varam: Erna Hauksdóttir, SAF

**Heilbrigðisnefnd Vesturlands**

Aðalm: Sigrún Pálsdóttir, Ísl. járnblendifélagið hf.

Varam: Guðmundur Páll Jónsson, HB Grandi hf.

**Heilbrigðisnefnd Vestfjarða**

Aðalm: Einar Valur Kristjánsson, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Varam: Örn Ingólfsson, Póls hf.

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra**

Aðalm: Steinar Svavarsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.

Varam: Rúnar Marteinnsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra**

Aðalm: Ólafur Jónsson, Bústólpi hf.

Varam: Guðmundur H. Sigurðarson, Arkitekta- og verkfræðistofa Hauks ehf.

**Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis**

Aðalm: Benedikt Jóhannsson, Eskja hf.

Varam: Svanbjörn Stefánsson, Síldarvinnslan hf.

**Heilbrigðisnefnd Suðurlands**

Aðalm: Guðmundur Eliasson, Víkurskálinn ehf.

Varam: Lúðvík Börkur Jónsson, Hampiðjan Group

**Heilbrigðisnefnd Suðurnesja**

Aðalm: Kristín Gísladóttir, Bláa lónið ehf.

Varam: Stefán Sigurðsson, Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.

**Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarða- og Kópavogssvæðis**

Aðalm: Gestur Pétursson, InPro ehf.

Varam: Bryndís Hilmarsdóttir, Síld og fiskur ehf.

**Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis**

Aðalm: Þóra Gréta Þórisdóttir, Sigurplast hf.

Varam: Bjarni Óli Haraldsson, Veislan-veitingaeldhús

**YMSAR NEFNDIR****Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands**

Aðalm: Stefán Kalmannsson, Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Varam: Stefán Logi Haraldsson, Vírnet Garðastál hf.

**Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu**

Hannes G. Sigurðsson, SA

**Brunamálaráð**

Gestur Pétursson, InPro ehf.

Kári Arngrímsson, Keflavíkurverktakar hf.

**Starfshópur til að fjalla um efni tilskipana ESB um bann við mismunum með hlíðsjón af aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði**

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum**

Árni Jóhannsson, SI

**Atvinnumálhópur á Húsavík**

Helgi Pálsson, Skipaafgreiðsla Húsavíkur

**ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum**

Jón H. Magnússon, SA

**Vísinda- og tækniráð**

Aðalm: Kristinn Andersen, Marel hf.

Varam: Hilmar Janusson, Össur hf.

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA

Varam: Kristján Þórarinnsson, LÍÚ

**Stjórn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands**

Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG

Davíð Stefánsson, IMG ráðgjöf

Guðrún Hálfðánardóttir, Morgunblaðið – Árvakur hf

**Ráðgjafanefnd Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins**

Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

**Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur**

Pétur Reimarsson, SA

**Staðlaráð Íslands**

Víglundur Þorsteinsson, BM-Vallá hf.

**Rýnihópur vegna þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur**

Erna Hauksdóttir, SAF

**Samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaganna**

Sveinn Hannesson, SI

**Samráðshópur til að semja drög að lyfjastefnu og nýjum lyfjalögum**

Ingí Guðjónsson, Lyfja hf.

**Faggilding, mælifraði og öryggi vöru**

Pétur Reimarsson, SA

**Nefndir á vegum UNICE**

Fastafulltrúi: Gústaf Adolf Skúlason, SA

Varafastafulltrúi: Eva Margrét Ævarsdóttir, SA

Hannes G. Sigurðsson, SA – nefnd um efnahagsmál

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA – nefnd um félagsmál

Pétur Reimarsson, SA – nefnd um umhverfismál

**Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins**

Ari Edwald, 365 miðlar

**Stjórn NEMIA**

Vilhjálmur Egilsson, SA



## EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 2.1 ÁFRAMHALDANDI HAGVÖXTUR EN MIKIÐ ÓJAFNVÆGI

Gríðarlegur vöxtur hefur einkennt efnahagsþróunina á Íslandi frá því að uppsveifla hófst á ný árið 2003. Ef áætlanir fyrir liðandi ár eru taldar með nemur hagvöxturinn 25,3% frá 2002 eða sem nemur tæplega 20% á mann. Vöxtur af þessari stærðargráðu á sér vart fordæmi á jafn skömmum tíma hér á landi. Þróunin undanfarin misseri hefur þó einkennt af mjög miklum vexti í fjárfestingum og einkaneyslu sem leitt hefur til vaxandi misvægis milli framleiðslu og útgjalda þrátt fyrir áframhaldandi hagvöxt. Það verður meginverkefni hagstjórnar á komandi árum að stuðla að því að viðunandi jafnvægi komist á í þjóðarþúskapnum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands jókst landsframleiðsla um 5,5% á árinu 2005 en árið áður reyndist hagvöxtur vera 8,2%. Samkvæmt spá Seðlabankans frá því í mars verður 4,2% hagvöxtur í ár en spá fjármálaráðuneytisins frá því í janúar gerir ráð fyrir 5%

hagvexti í ár. Hagvöxturinn er mikill hvort sem litið er til hagsögunnar hér á landi undanfarna áratugi eða hagvaxtar í ríkjum sem við berum okkur saman við.


Líkt og á árunum 2004 og 2003 má öðru fremur rekja hagvöxtinn á liðnu ári til aukinnar fjárfestingar en þá jókst hún um 34,5% í kjölfar mikils vaxtar næstu tvö ár á undan. Á liðnu ári jókst einkaneysla einnig verulega eða um 11,9%. Samneysla jókst um 3,2% frá árinu áður. Í heild jukust þjóðarútgjöld á liðnu ári langt umfram framleiðslu eða um 14,9%. Mestur vöxtur hefur verið í fjárfestingu atvinnuveganna en hún er talin hafa aukist um 57,2% á liðnu ári eftir mikinn vöxt næstu tvö ár á undan. Framkvæmdir við stóriðju- og orkuver skipta hér hvað mestu máli, en á árinu 2005 námu fjárfestingar málmframleiðslu- og orkufyrirtækja um 96 milljörðum króna eða fast að helmingi allrar fjárfestingar atvinnuveganna. Fjárfesting hins opinbera dróst hins vegar saman um 13,5% í fyrra en árið áður jókst hún um 34,6%.

Undanfarin ár hefur einnig verið stöðugur vöxtur í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og er hann talinn hafa numið um 10% í fyrra eftir tæplega 14% aukningu árið áður. Ef horft er til þjóðhagsspar til 2007 og íbúðafjárfesting á árunum 1990–1999 borin saman við árin 2000–2007, nemur raunaukningin síðarnefndu árin miðað við meðaltal fyrri árana um 160 milljörðum króna á verðlagi þessa árs. Er þetta heldur hærrí fjárhæð en öll fjárfesting sem tengist byggingu og orkuöflun fyrir miðlungsstórt álver, auk þess sem áhrifin af svo umfangsmikilli aukningu íbúðabygginga á innlandan vinnumarkað eru langtum meiri en áhrif stóriðjuframkvæmda af samsvarandi stærð.


Hagstætt árferði hefur hvatt til mikillar aukningar í einkaneyslu. Sérstaklega ber þar að nefna sterkt gengi krónunnar sem lækkaði verð á innfluttri vöru og þjónustu, vaxandi kaupmátt og mikið framboð af húsnæðis- og langtímalánnum á hagstæðum vöxtum sem leitt hafa til aukinnar skuldsetningar heimilanna. Aukin einkaneysla birtist meðal annars í miklum innflutningi á bifreiðum. Nýskráðar bifreiðar voru hátt í 25 þúsund á liðnu ári og var þar með slegið eldra met frá skattlausu árinu 1987, þegar um 18.600 bifreiðar voru fluttar inn. Þá birtist aukin einkaneysla í mikilli spurn eftir varanlegum neysluvörum sem og í utanlandsferðum sem verið hafa með allra mesta móti.

Mikilli aukningu þjóðarútgjalda umfram framleiðslu hefur að verulegu leyti verið mætt með auknum innflutningi vöru og þjónustu, sem jókst

Hagvöxtur á Íslandi og að meðaltali í OECD-rikinum



Heimild: Hagstofan, OECD, Seðlabankinn (spár 2006-2007)

Viðskiptajöfnuður  
Hlutfall af landsframleiðslu

Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn (spár 2006-2007)


að raunvirði um 28,4% í fyrra. Á sama tíma jókst útflutningur á vöru og þjónustu aðeins um 3,5%, enda skilyrði útflutningsgreina almennt afar erfið vegna þess hve hátt gengi krónunnar var og dróst verðmæti vöruútflutnings raunar lítils háttar saman milli ára. Leiddi þetta til meiri viðskiptahalla en dæmi eru um hér á landi og nam hann um 164 milljörðum króna eða 16,3% af landsframleiðslu. Spár opinberra aðila og bankanna um þróun utanríkisviðskipta og viðskiptajafnaðar á þessu ári eru nokkuð breytilegar en þar skiptir forsenda um gengi krónunnar ekki síst máli. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins felst að viðskiptahalli verði 13% á þessu ári, spá Seðlabankans frá mars, sem meðal annars byggir á óbreyttu gengi frá þeim tíma, gefur til kynna 14% halla en aðrir aðilar hafa spáð talsvert minni viðskiptahalla.

## 2.2 VERÐBÓLGA FJARLÆGIST MARKMIÐ SEÐLABANKANS


Útgjaldþensla undanfarinna missera umfram framleiðsluvöxt hefur einnig leitt til aukins verðbólguþrýstings. Sterkt gengi krónunnar sem meðal annars verður rakið til peningastefnu Seðlabankans hefur haldið aftur af verðhækkunum og dró talsvert úr verðhækkunum á 2. ársfjórðungi í fyrra. Vaxandi eftirspurnarþrýstingur hefur þó vegið þyngra. Hefur verðbólga verið að fjarlægjast 2,5% verðbólguþrýsting Seðlabankans og verið um eða yfir 4% þolmörkum bankans frá síðastliðnu hausti, þrátt fyrir itrekaðar vaxtahækkningar hans. Það er umhugsunarefni að verðbólga hefur verið umfram verðbólguþrýsting mest allan tímenn frá því það var tekið upp árið 2001.

Hækkað húsnæðisverð hefur öðru fremur knúið verðbólguna áfram undanfarin ár, enda hefur markaðsverð á húsnæði hækkað allt frá árinu 1997 en þó mismikið. Stóraukinn kraftur færðist í fasteignamarkaðinn síðla árs 2004 og voru 12 mánaða verðhækkningar í íbúðarhúsnæði á bilinu 30–40% allt síðasta ár. Verðbólguáhrifin voru því enn meiri en áður. Þótt hægt hafi á verðhækkunum á húsnæði á þessu ári eru þær ennþá miklar og eiga stærstan þátt í hækkingunum á vísitölu neysluverðs. Án húsnæðisliðar hefur verðbólga undanfarna mánuði oftast verið um 1%. Í samræmdri vísitölu neysluverðs í EES-ríkjum er eigið húsnæði og opinber þjónusta ekki talin með. Samkvæmt þeim mælikvarða var verðbólga á Íslandi frá febrúar 2005 til jafnlangdar ársins 2006 aðeins 1,2% og með því lægsta sem þar gerðist en EES meðaltal var 2,2%. Auk húsnæðis hafa ýmsir liðir neysluútgjalda hækkað talsvert undanfarna mánuði. Má þar nefna mikilvæga liði

## Verðbólga með og án húsnæðisliðar



## Vísitala gengisskráningar



Heimild: Seðlabanki Íslands

innlendra búvara svo sem kjöt og mjólk, en einnig ávexti, bensín og olíur sem og ýmsa þjónustu þar sem launabáttur vegur þungt. Í heild hefur verðlag á innfluttri vöru verið stöðugt.

## 2.3 LAUNAHÆKKANIR MUN MEIRI EN Í VIÐSKIPTALÖNDUM

Laun hækkuðu á almennum markaði um 6,9% að meðaltali á árinu 2005 eða mun meira en næstu tvö ár á undan. Almennar launahækkningar samkvæmt kjarasamningum voru hins vegar 3% í upphafi síðasta árs ásamt 26.000 kr. eingreiðslu í desember 2005 samkvæmt samkomulagi forsendunefndar SA og ASÍ um framhald kjarasamninga frá 15. nóvember. Samkomulagið felur einnig í sér að almenn launahækkun 1. janúar 2007 verði 0,65% hærri en ella (sjá nánar í 3. kafla um kjaramál og samninga). Er ljóst að talsvert launaskriði átti sér stað á árinu.

Hækkun á launakostnaði á evru-svæðinu nam 1,6% á síðasta ári og hefur haldist á bilinu 1,5–2,5% undanfarin ár. Í OECD ríkjum nam





hækkun á launakostnaði að jafnaði 3,6% á síðasta ári og var ívið hærra en næstu ár á undan. Hækkun launakostnaðar hér á landi var því ríflega fjórföld miðað við breytingar á evru-svæðinu og næstum tvöföld miðað við OECD ríkin. Misvægi milli hækkunar á launakostnaði hér á landi og í samkeppnislöndunum jókst því umtalsvert á síðasta ári. Samkvæmt spá Seðlabankans verða launahækkningar hér á landi ennþá meiri á þessu ári eða að jafnaði 7,2% en munu síðan lækka í 5,5% á árinu 2007. Gangi þessi spá eftir mun því samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja versna enn að þessu leyti á næsta ári.

#### 2.4 LAUNAHLUTFALL HÆKKAR ENN

Skipting virðisaukans sem verður til í atvinnurekstri milli launa og vergs rekstrarhagnaðar gefur mikilvæga vísibendingu um hag atvinnurekstrar. Hér á landi hækkaði þetta hlutfall mikið á árunum 1998 og 1999 og hefur haldist á bilinu 64–68%. Fyrirliggjandi upplýsingar gefa til kynna að launahlutfallið hafi hækkað á síðasta ári í ríflega 70%

vegna mikilla launahækkana. Í löndum Evrópu-sambandsins hefur hlutfallið í heild haldist fremur stöðugt og verið 56–57%. Undanfarin ár hefur launahlutfallið hér á landi því verið mun hærra en almennt gerist í ESB-löndum en áður var hlutfallið hér nær því sem þar gerist. Þetta háa hlutfall hér á landi fær vart staðist til lengdar og mun bitna á fjárfestingum og draga úr hagvexti í framtíðinni.

#### 2.5 HÆGIST Á FRAMLEIÐNIAUKNINGU

Aukin framleiðni er forsenda fyrir auknum kaupmætti og bættum hag. Vísibendingar um breytingar á framleiðni vinnuafis má fá með því að reikna framleiðsluvöxt (hagvöxt) á hverja vinnustund en vinnustundir ráðast aftur af fjölda starfandi, atvinnuþátttöku og vinnutíma. Samkvæmt þessari aðferð jókst framleiðni á vinnustund mikið á árunum 2003 og 2004 eða um 6–8%. Á síðasta ári jókst framleiðni enn frekar en þó hægar en áður þar sem vinnustundum fjölgaði verulega.


Framleiðni vinnuafis vex jafnan í upphafi efnahagsbata í hagkerfinu þegar vannýtt framleiðslugeta er tekin í notkun. Minnkuð notkun á vinnuafli á árunum 2002 og 2003 bendir til þess að vinnusparandi fjárfestingar fyrri ára, í tölvutækni og hugbúnaði, komi fram með þessari töf. Til skemmri tíma er slík aukning á framleiðni þó takmörkunum háð og leiðir hún um síðir til þess að eftirspurn eftir vinnuafli eykst, eins og raun varð á á síðasta ári.

#### 2.6 PENSLA Á VINNUMARKAÐI

Veruleg umskipti hafa orðið á vinnumarkaði undanfarin misseri. Starfandi fólki fjölgaði mikið á árinu 2005 eftir fækkun næstu ár á undan og atvinnuþátttaka jókst, en hún hafði einnig minnkað næstu ár á undan. Atvinnuleysi hefur minnkað ört, sérstaklega frá því síðla árs 2004. Hefur hlutfallslegt atvinnuleysi, þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðasveiflu, verið um 1,4% af mannafla síðustu mánuðina eða í námunda við það sem það fór lægst í síðustu uppsveiflu árið 2001.


Umframeftirspurn eftir starfsfólki blasir einnig við þegar litið er til annarra vísibendinga um stöðu á vinnumarkaði. Mikið framboð hefur verið af lausum störfum og voru til dæmis að jafnaði 1.380 störf í boði hjá vinnumiðlum á síðasta ári, en þeim hefur þó heldur fækkað síðustu mánuði eftir því sem tekist hefur að manna störf tengd framkvæmdum við stóriðju á Austurlandi. Á árinu 2005 voru gefin út 6.367 atvinnuleyfi og er það mikil fjölgun frá árinu áður, þegar þau voru á fyrstu tveim mánuðum þessa árs voru gefin út

Launapróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum




Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn (spá 2006-2007), OECD

Hluttur launa og tengdra gjalda í verðmætasköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)




Heimild: Vefir Eurostat og Hagstofu Íslands, mars 2006

## Fjöldi starfandi fólks og atvinnuþáttaka (%)




Heimild: Hagstofa Íslands

## Framleiðsla á vinnustund 2002-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

## Atvinnuleysi – árstíðaleiðrétt



Heimild: Vinnuálagstofnun

1.224 leyfi. Langmest fjölgun er í tímabundnum atvinnuleyfum og framlengingu á slíkum leyfum og voru þau 5.534 á síðasta ári. Óbundnum atvinnuleyfum hefur á hinn bóginn fækkað.

## 2.7 SVEITARFÉLÖG VEIKASTI HLEKKUR HAGSTJÓRNAR

Tekjuafgangur ríkissjóðs batnaði verulega á árinu 2005 og er samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá talinn nema um 37 milljörðum króna eða 3,8% af landsframleiðslu. Skýrist þessi góða afkoma fyrst og fremst af auknum skatttekjum vegna óvenju hraðrar útgjalda- og tekjuþróunar í þjóðfélaginu. Aukning í útgjöldum ríkissjóðs á síðasta ári var auk þess ívið hóflegri en á árunum 1998–2003 sem að hluta má einnig rekja til hagstæðra áhrifa af hagsveiflunni. Frávik frá raunverulegri rekstrarafkomu ríkissjóðs frá fjárlögum var einnig minna en reynsla fyrri ára sýndi. Þá batnaði skuldastaða ríkissjóðs mikið vegna eignasölu sem leiddi til þess að hrein vaxtagjöld lækkuðu.


Horfur um rekstur ríkissjóðs á þessu ári mar-

kast meðal annars af stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka skatta, en því er spáð að skattar af tekjum og eignum muni lækka um ríflega 7 ma.kr. frá fyrra ári og að heildartekjur lækki um tæplega 12 ma.kr. Telja má að gjaldahlíð fjárlaga fyrir þetta ár sé aðhaldssöm þar eð gert er ráð fyrir að heildarútgjöld muni aðeins aukast um 3,2% frá liðnu ári og muni því ekki aukast að raunvirði. Gangi þessar áætlanir eftir verður tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári 14,9 ma.kr. eða 1,4% af landsframleiðslu. Þótt staða ríkisfjármála sé þannig að sumu leyti jákvæð væri samt æskilegt, í ljósi hinnar kröftugu uppsveiflu, að auka framlag þeirra til að draga úr eftirspurn.

Þrátt fyrir að tekjur af útsvari og fasteignagjöldum hafi hækkað mikið hafa sveitarfélögin í heild verið rekin með umtalsverðum halla flest undanfarin ár. Árið 2004 nam tekjuhalli sveitarfélaganna rúmum 10 ma.kr. og áætlað er að hann hafi numið um 6 ma.kr. í fyrra. Vegna hallareksturs sveitarfélaganna hefur aðhald í opinberum fjármálum í heild verið fremur takmarkað og minna en æskilegt er miðað við aðstæður í efnahagslífinu. Sveitarfélögin hafa auk þess unnið gegn skynsamri hagstjórn hins opinbera og 2,5% verðbólguumarkmiði Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar með kostnaðarsömum kjarasamningum, ekki síst kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðsemjendur sína í árslok 2005 og afleiddum launahækkun-



### Samanburður á rekstrarafkomu skv. fjárlögum og niðurstöðu skv. ríkisreikningi, % af landsframleiðslu



Heimild: Vinnuáætlun

sífelld gengi krónunnar, enda hefur vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda mikil áhrif á gjaldeyrisflæði til og frá landinu og þar með á gengi krónunnar.

Gengi krónunnar styrktist verulega undir lok árs 2004 og enn frekar á síðasta ári, þegar gengisvísitala krónunnar var oftast undir 110 stigum og komst niður í 100 stig í nóvember. Útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum, sem hófst í ágúst í fyrra, var meðal þess sem styrkti gengi krónunnar á þessum tíma og dró úr áhrifum peningastefnu Seðlabankans á vaxtastig í landinu. Ekki verður um það deilt að raungengi krónunnar eins og það var á síðasta ári og í upphafi þessa árs var langt fyrir ofan langtíma jafnvægi. Afleiðingin birtist í meiri viðskiptahalla en dæmi eru um í íslenskrari hagsögu. Jafnframt leiddi þróunin til þess að samkeppnisstaða flestra útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni var með allra versta móti sem í sumum tilvikum leiddi til þess að fyrirtæki lögðu niður starfsemi eða fluttu hana úr landi. Lækkun á gengi krónunnar frá febrúar á þessu ári endurspeglar því ekki áfall fyrir íslenskan þjóðarbúskap, eins og ýmsir erlendir greiningaraðilar hafa gefið í skyn, heldur ber að skoða hana sem löngu tímabæra leiðréttingu sem vonandi mun smám saman draga úr því mikla ójafnvægi sem verið hefur í utanríkisviðskiptum.

### 2.9 GÓÐ AFKOMA FYRIRTÆKJA EN MISMUNANDI AÐSTÆÐUR EFTIR ATVINNUGREINUM

Afkoma fyrirtækja sem skráð voru í Kauphöll Íslands var mjög góð á árinu 2005 þegar á heildina er litið. Úrvalsvísitalan hækkaði um 64,7% á árinu og er það mesta árshækkun vísitölunnar frá upphafi. Markaðsvirði skráðra félaga í árslok 2005 var 1.816 ma.kr., en var 1.084 ma.kr. árið áður. Skráð félög voru í upphafi árs 34, en 2 ný félög voru skráð á árinu og 10 afskráð, þannig að í árslok 2005 voru félögin 26 að tölu. Hafa ber í huga að fjármálaþjónusta vegur um 67% af markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni.


Samkvæmt athugun sem Seðlabanki Íslands hefur gert á helstu kennitölum í reikningum 21 skráðs fyrirtækis annarra en fjármálafyrirtækja nam hagnaður þeirra fyrir afskriftir og fjármagnsliði 9,6% af veltu og var það ívið lægra hlutfall en árið áður. Hjá sömu aðilum var hagnaður eftir skatta sem hlutfall af veltu í heild 6,7% sem var heldur meira en árið áður. Skráðum félögum utan fjármálageirans hefur þó fækkað mikið undanfarin ár og er því ekki víst að upplýsingar um afkomu þeirra gefi rétta mynd af atvinnulífinu almennt.

um hjá öðrum sveitarfélögum, en viðbótarútgjöld vegna þeirra eru talin nema 3,6 milljörðum króna. Auk þess að valda uppnámi á vinnumarkaði hafa þessar kostnaðarhækkningar alls ekki samræmst greiðslugetu flestra sveitarfélaga.

### 2.8 HÆKKANDI STÝRIVEXTIR, HÁGengi OG AFLEIT SAMKEPPNISSTAÐA

Undanfarin tvö ár hefur Seðlabanki Íslands ítrekað hækkað stýrivexti sína, úr 5,3% í maí 2004 í 11,5% frá apríl á þessu ári. Þessar ráðstafanir eru mikilvægasti þátturinn í peningamálastjórn bankans og er þeim ætlað að draga úr innlendri eftirspurn og halda verðbólgu sem næst verðbólgu-umarkmiði með því að hækka vaxtastig í landinu. Skuldir heimila og fyrirtækja eru hins vegar að meirihluta til verð- eða gengistryggðar. Hafa vaxtahækkningar Seðlabankans aðeins að takmörkuðu leyti haft áhrif á vexti þessara lána og hafa ekki megnað að halda aftur af heildareftirspurn. Áhrifin hafa fyrst og fremst verið þau að styrkja

### Þróun stýrivaxta Seðlabankans, ávöxtunarkröfu spariskirteina og gengisvísitölu krónunnar frá apríl 2004



Heimild: Seðlabanki Íslands



Frá síðasta ári hafa Samtök atvinnulífsins haft samstarf við fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands um að kanna reglulega stöðu og framtíðarhorfur hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins og hefur IMG Gallup séð um framkvæmdina. Í könnun sem gerð var í febrúar um horfur á hagnaði á þessu ári, var niðurstaðan almennt fremur jákvæð. Þannig telja stjórnendur 43% þeirra fyrirtækja sem svöruðu könnuninni að hagnaður á þessu ári verði meiri en í fyrra, 20% vænta verri afkomu en 36% stjórnendanna búast við óbreyttum hagnaði.

Horfur um hagnað á þessu ári eru lakastar í sjávarútvegi, þar sem 38% stjórnenda telja að hagnaður verði minni en í fyrra. Önnur 38% telja þó að hann verði meiri, en 24% gera ekki ráð fyrir breytingu. Tekið skal fram að aðrar atvinnugreinir sem hágengi íslensku krónunnar hefur bitnað hvað harðast á eru ekki eins skýrt afmarkaðar og sjávarútvegurinn. Þeirra á meðal er ferðaþjónusta og iðnaður í alþjóðlegri samkeppni. Blandast svör stjórnenda í þessum greinum saman við svör stjórnenda í fyrirtækjum þar sem jákvæð áhrif af aukinni eftirspurn innanlands hafa vegið meira en neikvæð áhrif hágengisins.


Í sömu könnun var einnig spurt um breytingar á EBITDA-framlegð (þ.e. hagnaði fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir) undanfarna 6 mánuði og líklegar breytingar næstu 6 mánuði. Þegar á heildina er litið er niðurstaðan jákvæð og telja stjórnendur 43% fyrirtækjanna að framlegð hafi aukist, 16% að hún hafi dregist saman, en hjá 31% fyrirtækjanna var staðan óbreytt. Verulegur munur kemur þó fram eftir atvinnugreinum. Í fjármála- og tryggingastarfsemi telja öll fyrirtækin að framlegð hafi aukist, ýmist mikið (25%) eða nokkuð (75%). Niðurstaðan er sömuleiðis mjög jákvæð í byggingarstarfsemi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, þar sem framlegð hefur ýmist aukist eða staðið í stað og varð hvergi í þessum greinum vart samdráttar. Öðru máli gegnir um sjávarútveg. Þar telja 55% þátttakenda að framlegð hafi minnkað á síðustu 6 mánuðum, 23% telja hana óbreytta, en aukning hefur orðið hjá

öðrum 23%. Í iðnaði, verslun og þjónustu er niðurstaðan svipuð og fyrir atvinnulífið í heild.


Í könnuninni var spurt um breytingu á EBITDA-framlegð á næstu 6 mánuðum og telur tæpur helmingur svarenda að hún muni aukast, 36% að hún standi í stað og 15% telja að hún minnki. Þegar þessar væntingar um framlegð og hagnað eru bornar saman kemur í ljós að bjartsýni er meiri varðandi framlegðina, þannig að stjórnendur búast almennt ekki við að fjármagnsliðir styrki afkomuna á árinu.

Í heild bera niðurstöður könnunarinnar vitni um þá miklu þenslu sem ríkir í efnahagslífinu. Meta stjórnendur stöðu fyrirtækjanna góða og almennt er vænst góðs hagnaðar og framlegðar. Auk þess staðfestir könnunin mikinn skort á starfsfólki og eru víða áform um að fjölga því. Fjárfestingarstig helst hátt. Að jafnaði telja stjórnendur að verðbólgan verði yfir þölmörkum Seðlabankans, launaskrið verði töluvert, gengi krónunnar muni síga og að vextir Seðlabankans hækki verulega á árinu.

Þróun raungengis á mælikvarða launa á Íslandi samanborið við meðaltal ESB ríkjanna. 1995 = 100



Vaxtamanur milli Íslands og Evrópu  
Mánuðir þegar vöxtum er breytt eru sýndir



Heimild: Seðlabanki Íslands

## KJARAMÁL OG SAMNINGAR

### 3.1 GERÐ KJARASAMNINGA 2005/2006

Í ársskýrslum Samtaka atvinnulífsins vegna starfsáranna 2003–2004 og 2004–2005 er gerð grein fyrir samningsgerð SA frá ársbyrjun 2004 og fram til apríl 2005. Höfðu þá verið gerðir 132 kjarasamningar sem ná til 75 þúsund launamanna. Örfáum samningum var þó enn ólokið en um var að ræða samninga sem runnu út í nóvember og desember 2004. Í árslok 2005 reyndi einnig á samningsforsendur þeirra samninga sem gerðir voru árið 2004.

### 3.2 LEIÐSÖGUMENN

Viðræðum við Félag leiðsögumanna lauk með kjarasamningi þann 28. apríl 2005. Samningurinn var gerður itarlegri og skýrari en áður. Helstu breytingarnar voru gerðar á launaupbyggingu. Samningurinn gildir til 31. desember 2007.

### 3.3 BLAÐAMENN

Kjarasamningur við Blaðamannafélag Íslands var undirritaður 29. nóvember 2005 og var hann í takt við aðra kjarasamninga sem Samtök atvinnulífsins höfðu gert. Launataxtar voru færðir nær greiddum launum og ýmis ákvæði samningsins gerð skýrari. Einnig var samtímis undirritaður sambærilegur sérkjarasamningur vegna 365 ljósvakamiðla. Báðir samningarnir hafa gildistíma til 31. október 2008.

### 3.4 ÝMSIR VINNUSTAÐASAMNINGAR

#### Norðurorka

Gerðir voru fjórir kjarasamningar vegna Norðurorku. Samningur við RSÍ var undirritaður 24. maí 2005, Vélstjórafélag Íslands þann 3. ágúst, Kjöl stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu 26. ágúst 2005 og Einingu-löju þann 2. september 2005. Allir samningarnir gilda til 30. nóvember 2008.



#### Hitaveita Suðurnesja

Kjarasamningur var undirritaður 23. júní 2005 við Vélstjórafélag Íslands vegna vélfræðinga hjá Hitaveitu Suðurnesja. Ágreiningur kom upp við túlkun á ákvæði samningsins og var hann felldur í atkvæðagreiðslu starfsmanna. Nýr samningur var gerður 16. september 2005 og lýsti VSFÍ því yfir við samningsgerðina að mál yrði höfðað fyrir Félagsdómi til að ná fram túlkun starfsmanna. Var mál höfðað í mars 2006 og biður það nú flutnings fyrir Félagsdómi.

#### Orkubú Vestfjarða


Þegar þetta er ritað standa fyrir dyrum viðræður við Vélstjórafélag Íslands vegna vélfræðinga hjá Orkubú Vestfjarða.

#### Vélstjórar á fiskiskipum

Kjarasamningur við Vélstjórafélag Íslands vegna vélstjóra á fiskiskipum rann út 31. desember 2005. Allt árið 2005 voru gerðar tilraunir til að endurnýja samninginn og samræma hann öðrum kjarasamningum fiskimanna enda mjög mikilvægt að sömu reglur gildi um alla í áhöfn, svo sem reglur um fækkun í áhöfn og hafnarfrí. Fór svo að samningur var undirritaður 4. maí 2005 en var svo felldur í atkvæðagreiðslu vélstjóra. Nýr samningur var gerður 30. desember 2005. Atkvæði greiddi 301 félagsmaður og sögðu 146 já en 148 nei. 7 seðlar voru auðir eða ógildir. VSFÍ taldi samninginn hafa verið felldan þar sem færri samþykktu samninginn en þeir sem greiddu atkvæði á móti honum. Að mati SA var samningurinn samþykktur enda var hann ekki felldur með meirihluta greiddra atkvæða eins og tilskilið er í lögum. Gera má ráð fyrir að málið verði lagt fyrir Félagsdóm.

#### Herjólfur

Í desember 2005 og janúar 2006 gerðu Samtök atvinnulífsins og Sjómannasamband Íslands kjarasamninga um kaup og kjör háseta og þjónustufólks á m.s. Herjólfur sem gilda til ársloka 2010. Fá hóparnir sömu launabreytingar og samið hefur verið um við aðra hópa á kaupskipum í samningum



sem gilda til ársloka 2007. Á árunum 2008–2010 eru hópunum tryggðar hliðstæðar launabreytingar og samið verður um í kjarasamningum við sambærilega starfshópa. Skulu tveir menn frá hvorum aðila meta framangreindar breytingar og gefa út kaupskrá í samræmi við það. Komist nefndin ekki að niðurstöðu innan tveggja mánaða skal skipaður oddamaður sem aðilar koma sér saman um. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

### 3.5 ENDURSKOÐUN VEGNA SAMNINGSFORSENDNA

Í kjarasamningum SA og aðildarfélag landssambanda ASÍ, sem gerðir voru á fyrri hluta árs 2004 eru tvær samningsforsendur. Sú fyrri er að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands og hin síðari að sú launastefna sem í samningunum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Sérstök forsendunefnd samninganna var stofnsett, með tveimur fulltrúum SA og jafnmörgum frá ASÍ, og skyldi hún meta hvort samningsforsendur stæðust í nóvember 2005 og sama mánuði 2006. Ef nefndin kæmist að því að marktækt frávik hefði orðið frá samningsforsendum þá gæti hún reynt að ná samkomulagi um breytingar á samningum og ef það næðist gæti hún úrskurðað að samningar héldu gildi sínu. Ef ekki næðist samkomulag þá væru samningar uppsegjanlegir af hálfu samningsaðila. Aðrir samningar á vinnumarkaðnum, að frátöldum samningum sveitarfélaga, voru síðan tengdir niðurstöðu forsendunefndarinnar.

Í starfsreglum forsendunefndarinnar var kveðið á um að verðbólguforsendan hefði brugðist ef verðbólgan miðað við síðustu tólf mánuði hefði að meðaltali verið meiri en 3,0% á tímabilinu júní til nóvember. Þetta meðaltal reyndist vera 3,9% í nóvember 2005, og yfir 3,0% í öllum mánuðum nema júní 2005, þannig að ljóst var að verðlagsforsa senda samninganna hafði brugðist. Nú háttaði svo til að nær alla þessa verðbólgu mátti rekja til húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs, þar sem verðbólgan án húsnæðis var aðeins 0,5% á sama tímabili og reiknað á sama hátt, en um það þýddi ekkert að tala. Vísitalan með húsnæði var mælikvarðinn og það var óumdeilanlegt að verkalýðsfélögin höfðu heimild til að segja upp kjarasamningum ef þeim sýndist svo. Á hina samningsforsenduna reyndi ekki en ef verðbólguforsendan hefði staðist þá benda líkur til þess að verkalýðsfélögin hefðu hafið umræður um tilefni til endurskoðunar á samningum á grundvelli kjarasamninga launanevndar sveitarfélaga við sína viðsemjendur, einkum Kennarasamband Íslands, þar sem eng-

inn hélt því fram að þeir samningar teldust innan markaðrar launastefnu. En á það reyndi ekki þar sem verðbólguforsendan brást.

Viðræðum í forsendunefndinni lauk með því að samkomulag náðist um breytingar á kjarasamningum og framlag ríkisstjórnar þannig að samningar héldu gildi sínu áfram. Jafnframt var gert samkomulag um að samningsforsendan um samninga annarra væri afgreidd með samkomulaginu þar sem samningsgerð var lokið á nær öllum vinnumarkaðnum. Þá var gerð breyting á skilgreiningu þess hvað teldist vera marktækt frávik frá verðbólguforsendunni sem kemur til skoðunar í nóvember 2006. Áfram verður miðað við 3,0% en litið verður til ársþækkunar sex mánaða breytinga á tímabilinu júní–desember 2006.

Samkomulag SA og ASÍ fól í sér að greiða skyldi 26.000 kr. eingreiðslu (með orlofi) í desember 2005 og að hún breyttist síðan í 0,65% almenna viðbótarþækkun launa 1. janúar 2007, en þá hefðu laun almennt átt að hækka um 2,25%. Verður sú þækkun því 2,9% í staðinn. Þá gerðu aðilar samkomulag um breytingar á atvinnuleysisbótum þar sem meðal annars er kveðið á um tekjutengingu bóta að hluta. Samhliða þessu gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem meðal annars kom fram að dregið skyldi úr örorkubyrdi lífeyrissjóða, breytingar á atvinnuleysisbótum lögfestar, áttak gert í starfsmenntamálum ófaglærðra og að frumvarp til laga um starfsmannaleigur yrði lagt fram.





# STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

## 4.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Útgjöld Ábyrgðasjóðs voru áfram langt umfram tekjur, eins og undanfarin ár. Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 680 m.kr. árið 2005 og hafa þær lækkað um 5% milli ára. Þar af voru um 243 milljónir vegna launa og orlofs og um 263 milljónir vegna lifeyrissjóða. Heildartekjur voru um 270 m.kr., þar af 65 milljónir vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald um 205 milljónir. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru þannig um 920 m.kr. í lok árs 2005. Vegna slæmrar stöðu sjóðsins var ábyrgðasjóðsgjaldið, sem er innheimt með tryggingagjaldi, hækkað úr 0,04% í 0,10% um síðustu áramót. Vonast er til að sú hækkun rétti stöðu sjóðsins af á næstu árum.

Árið 2004 lét sjóðurinn gera sérstaka úttekt á ástæðum útgjaldaaukningar. Í kjölfarið óskaði stjórnin eftir því að félagsmálaráðherra hlutaðist til um stofnun starfshóps með fulltrúum annarra ráðuneyta, sem fengi það hlutverk að fara yfir álitserðina, koma fram með viðbrögð við henni og móta afstöðu stjórnvalda til þeirra tillagna sem koma þar fram. Vonir standa til að sá starfshópur verði skipaður innan tíðar.

## 4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2005 er áætlað um 7.800 m.kr. eða svipað og í árslok 2004. Tekjustofnsjóðsins er atvinnuþryggingagjald sem reiknast af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Áætlað er að tekjur sjóðsins árið 2005 verði 3.400 m.kr. Atvinnuþryggingargjaldi var breytt 1. janúar 2005 úr 0,80 í 0,65 og er áætlað að sú breyting leiði til 600 m.kr. lækkunar á tekjum sjóðsins 2005. Árið 2005 voru heildarútgjöld sjóðsins 3.745 m.kr. en 4.867 m.kr. árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 3.059 m.kr. en 4.140 m.kr. árið á

undan. Meðalatvinnuleysi var 2,1% árið 2005 og spá fjármálaráðuneytisins um atvinnuleysi er 1,8% fyrir árið 2006. Vinnumálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn og greiðir sjóðurinn 256 m.kr. til stofnunarinnar samkvæmt þjónustusamningi og fjárlögum fyrir árið 2006.

Þann 20. apríl 2006 eru liðin 50 ár frá því stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs kom saman til fyrsta fundar – 20. apríl 1956. Verið er að skrifa sögu sjóðsins sem ráðgert var að kæmi út í vor en útgáfa hennar mun frestast til haustsins. Lög um atvinnuleysistryggingar eru nú til skoðunar og er stefnt að því að ný lög verði samþykkt fyrir þinglok í vor. Unnið hefur verið að undirbúningi breytinganna í rúmt ár og eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á núgildandi reglum. Eitt nýmælanna er tekjutenging bóta fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis í 70% af fyrri launum, en greiðslan getur hæst orðið kr. 180.000 á mánuði. Fyrirhugaðar hugmyndir um tekjutengingu myndu auka útgjöld sjóðsins um 330 m.kr. á ári miðað við 1,8% atvinnuleysi.

## 4.3 VINNUMÁLASTOFNUN

Starfsemi Vinnumálastofnunar hefur tekið miklum breytingum frá því hún var stofnuð 1997. Í upphafi var henni fyrst og fremst ætlað að annast vinnumiðlun og umsýslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Á undanförnum árum hafa stofnuninni verið falin ýmis viðamikil verkefni svo sem útgáfa atvinnuleyfa fyrir útlendinga. Nýverið var ákveðið að flytja fæðingarorlofssjóð til stofnunarinnar um næstu áramót. Þá eru til endurskoðunar lög um vinnumarkaðsaðgerðir samhliða endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Gert er ráð fyrir auknum verkefnum fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og að stofnunin taki að sér að annast um starfsendurhæfingu. Má því búast við verulegri



breytingu og auknum umsvifum stofnunarinnar þegar ný lög verða sett. Á næstunni þarf því að endurskipuleggja starfsemina miðað við fyrirhugaðar breytingar og aukin verkefni.

#### 4.4 ERLENT STARFSFÓLK

Árið 2005 einkenndist af mikilli umframeftirspurn á vinnumarkaði og eru þúsundir erlendra starfsmanna við störf hér á landi. Á árinu 2005 voru 3.965 ný tímabundin atvinnuleyfi gefin út, þar af 2.766 vegna ríkisborgara frá nýjum aðildarríkjum ESB. Auk þess voru 1.569 tímabundin leyfi framlengd, þar af 660 frá nýju aðildarríkjunum. Íslensk stjórnvöld tóku þá ákvörðun í upphafi árs 2004 að takmarka frjálsa för launafólks frá nýju aðildarríkjunum, að Kýpur og Möltu undanskildum, og skyldi sú takmörkun gilda til 1. maí 2006. Innlend fyrirtæki hafa því þurft að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir þá erlendu starfsmenn sem þau hafa ráðið frá þessum ríkjum. SA töldu sig hafa vil-yrði fyrir því að atvinnuleyfi fyrir borgara þessara ríkja yrðu afgreidd hratt og örugglega en annað kom á daginn. Almenn tók það 3–5 mánuði að fá atvinnu- og dvalarleyfi afgreidd. Þessar takmarkanir náðu hins vegar ekki til þjónustuvíðskipta, það er þegar fyrirtæki í þessum löndum, þar með taldar starfsmannaleigur, senda starfsmenn sína tímabundið til Íslands í tengslum við veitingu þjónustu.

Einnig var ákveðið að gefa út reglugerð um atvinnuréttindi útlandinga og kveða þar nánar á um réttindi og skyldur. Samstarfsnefnd SA, ASÍ og stjórnvalda var falið að semja drög að reglugerðinni. Það kom SA mjög á óvart að markmið reglugerðarvinnunnar virtist fyrst og fremst vera að þrengja enn frekar skilyrði fyrir útgáfu á atvinnuleyfum, auka kröfur um framlagningu gagna og lengja þannig umsóknarferilinn. SA töldu hins vegar nauðsynlegt að auðvelda eins og hægt væri ráðningar erlendra starfsmanna enda mikilvægt fyrir atvinnulífið í ljósi mikilla framkvæmda í þjóðfélaginu. Lögðu SA meðal annars til að dregið yrði úr formkröfum gagnvart borgurum nýju aðildarríkjanna en því var hafnað. Lagðist ASÍ meðal annars gegn öllum tilslökunum í þeim efnum. Til stóð að gefa reglugerðina út í ágúst 2005 en eftir formleg mótæmi SA til ráðherra var reglugerðin send aftur til samráðsnefndarinnar. Var hún gefin út 23. mars 2005.

Afstaða stjórnvalda og ASÍ hafði þær afleiðingar í för með sér að fyrirtækin leituðu í auknum mæli til erlendra starfsmannaleiga enda voru starfsmenn þeirra frá nýjum aðildarríkjum ESB ekki háðir atvinnu- og dvalarleyfum. Mörg mál

komu upp um meint brot starfsmannaleiganna á íslenskum lögum og kjarasamningum en hvorki stjórnvöld né aðilar vinnumarkaðarins höfðu úrræði til að bregðast við því. SA bentu ítrekað á það í umræðunni að takmarkanir á frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum og langur umsóknarferill vegna atvinnu- og dvalarleyfa hefði haft þessar afleiðingar í för með sér. Stjórnvöld brugðust við gagnrýni SA 7. september 2005 með nýjum starfsreglum um afgreiðslu atvinnu- og dvalarleyfa vegna ríkisborgara nýju aðildarríkjanna. Dregið var mjög úr kröfum um gagnaöflun og átti umsóknarferillinn eftir breytinguna að styttest í 2–3 vikur. Gekk það að mestu eftir en dæmi voru þó um að umsóknir tefðust óeðlilega í meðförum Útlendingastofnunar.

Í tengslum við viðræður ASÍ og SA um forsendur kjarasamninga í nóvember 2005 lagði ASÍ þunga áherslu á að sett yrðu lög um starfsmannaleigur. Var hafin vinna við gerð frumvarps í starfshópi félagsmálaráðherra um starfsemi starfsmannaleiga sem SA átti aðild að. Tókst að ljúka frumvarpsgerðinni fyrir 15. nóvember og var frumvarpið samþykkt óbreytt á Alþingi. Í því fólst meðal annars að starfsmannaleigum var gert að skrá sig hjá Vinnumálastofnun áður en þær hefðu starfsemi, tilnefna fulltrúa hér á landi og afhenda Vinnumálastofnun upplýsingar um starfsmenn sína og ráðningarsamninga þeirra og var Vinnumálastofnun veitt heimild til að stöðva starfsemi þeirra tímabundið ef þau fylgdu ekki lögum.

Vegna mjög lítils atvinnuleysis, umframeftirspurnar í flestum atvinnugreinum og mikilla framkvæmda framundan var það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að aflétta hömlum á frjálsri för launafólks. Fram til 1. maí 2009 verður þó gerð sú krafa að atvinnurekendur sem ráða starfsmenn frá þessum ríkjum tilkynni um þá til Vinnu-





málastofnunar og skal tilkynningu fylgja ráðningarsamningur sem tryggir útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Tilkynningin skal berast Vinnu-málastofnun innan tíu virkra daga frá ráðningu. Vinnu-málastofnun verður heimilt að afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingins óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Jafnframt verður nefnd falið að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og kanna hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

#### 4.5 KJARARANNSÓKNARNEFND

Hagstofa Íslands hefur frá ársbyrjun 2005 framkvæmt launakönnunina sem áður var gerð á vegum Kjararannsóknarnefndar. Nefndin er þó áfram til sem samstarfsvettvangur ASÍ og SA um launakannanir og gegnir hlutverki verkkaupa gagnvart Hagstofu Íslands.

Framkvæmd könnunarinnar hefur gengið erfiðlega frá því hún færðist til Hagstofunnar sem einkum má rekja til mikillar umstokkunar í íslensku viðskiptalífi, tíðra skipta úrtaksfyrirtækja á viðskiptahugbúnaði og dráttar þjónustuaðila á forritun á þeirri viðbót sem gagnaskil byggjast á. Nú á vormánuðum 2006 eru nýjustu fyrirbyggjandi upplýsingar um mánaðarlaun og tímakaup frá 4. ársfjórðungi 2004. Hins vegar birtast upplýsingar mánaðarlega á grundvelli könnunarinnar í formi launavísitölu Hagstofunnar auk þess sem meðallaunabreytingar helstu starfsstétta hafa verið birtar fyrir fyrstu þrjá fjórðunga ársins 2005.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika fer fram mikið starf sem mun bæta upplýsingar um launamyndun og launaþróun á landinu verulega á næstunni. Mikil áhersla hefur verið lögð á að stækka úrtak launakönnunarinnar samkvæmt tímasettri áætlun. Fyrirtæki í fiskveiðum eru nú þátttakendur í könnuninni og komin í regluleg gagnaskil frá vormánuðum 2006. Sama gildir um fjármálafyrirtæki, veitur, ríkið og stærstu sveitarfélög. Þá er að hefjast gagnasöfnun í hótél- og veitingarekstri, fasteignaviðskiptum og ýmissi sérhæfðri þjónustu og þeim greinum iðnaðar sem enn eru ekki hluti könnunarinnar. Vorið 2006 verður birt samræmd evrópsk launakostnaðarvísitala fyrir Ísland, Norveg og ESB-ríkin, European Labour Cost Index. Í árslok verður síðan gefin út umfangsmikil könnun á launakostnaði fyrirtækja á vegum Eurostat, Labour Cost Survey, þar sem Ísland er með. Könnunin er framkvæmd fjórða hvert ár. Þá er Ísland einnig með í árlegri könnun Eurostat, Structure of Earnings Survey.

Kjararannsóknarnefnd átti árlegan fund þann 28. febrúar 2006 með Hagstofunni í samræmi við samstarfssamning þessara aðila þar sem farið var yfir starfsemi liðins árs og starfsáætlun yfirstandandi árs. Framlag til Kjararannsóknarnefndar á fjárlögum 2005 var 42 m.kr. en heildarkostnaður við rekstur launa- og kjaramáladeildar Hagstofunnar var 55,8 m.kr. á því ári. Framlag til Kjararannsóknarnefndar á fjárlögum 2006 er 44,9 m.kr. Störf þeirra sem starfa við launa- og kjaramál á Hagstofunni nema tæpum 9 stöðugildum.

#### 4.6 NEFNDIR OG RÁÐ

*Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.*



# JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttismálin bar hátt á starfsárinu og tóku SA meðal annars þátt í svokallaðri karlaráðstefnu um jafnréttismál sem fjallað er um hér á eftir. Þá eru SA meðal þeirra sem eiga aðild að nýju þróunarverkefni um mat á stöðu jafnréttis í fyrirtækjum.

## 5.1 ÞRÓUNARVERKEFNI UM MAT Á STÖÐU JAFNRÉTTIS Í FYRIRTÆKJUM

Þegar þetta er ritað er verið að ganga frá samstarfssamningi milli SA, viðskiptaráðuneytisins, Viðskiptaháskólans á Bifröst, Félags kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráðs, Jafnréttisstofu og hugsanlega fleiri aðila, um þróunarverkefni um mat á stöðu jafnréttis í fyrirtækjum. Markmiðið er að vinna að því að birta verði árlega upplýsingar um stöðu jafnréttis innan íslenskra fyrirtækja. Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst mun í krafti samstarfsins birta upplýsingar um hlutfall kvenna í stjórnnum stærstu fyrirtækjanna hér á landi, vinna að þróun frekari mælikvarða á árangur fyrirtækja í jafnréttismálum og vinna að mótun jafnréttiskennitölu í fyrirtækjum á grundvelli framangreinds.

## 5.2 KARLAR UM BORD – KARLARÁÐSTEFNA UM JAFNRÉTTISMÁL 1. DESEMBER

Hafa karlar skoðun á jafnréttismálum? Vilja karlar sömu laun fyrir sömu vinnu? Eru jafnréttismál kvennabarátta? Þessar spurningar og fleiri voru til umfjöllunar á karlaráðstefnu um jafnréttismál, sem haldin var í Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 1. desember. Ráðstefnan var eingöngu ætluð körlum, með þeirri undantekningu að frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, ávarpaði ráðstefnuna og sat hana sem verndari og heiðursgestur. Að ráðstefnunni stóðu SA, félagsmálaráðuneytið, Íslandsbanki, Morgunblaðið, VR og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Ari Edwald, þáverandi framkvæmdastjóri SA, ávarpaði ráðstefnuna og tók þátt í pallborðsumræðum. Í erindi sínu fjallaði hann um það hvernig atvinnulífið græðir á jafnrétti og að mismunur feli í sér soun. Nefndi Ari einnig að áhersla á jafnrétti og fjölbreytileiki innan fyrirtækja tengdist betri stjórnunarháttum og betri afkomu fyrirtækja. Ari benti meðal annars á þá jákvæðu þróun að á síðustu fimm árum hefði konum í stöðu framkvæmdastjóra í skráðum hlutafélögum fjölgað umtalsvert – íslenskt þjóðfélag stefndi því í rétta átt þótt allt of hægt miðaði.



## 5.3 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jöfnu rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Í tengslum við árlega veitingu jafnréttisviðurkenningar hélt ráðið málþing um launajafnrétti 27. október og bauð hingað til lands dönskum sérfræðingi í Evrópulöggjöf á sviðinu. Háskóli Íslands fékk jafnréttisviðurkenninguna að þessu sinni en auk þess var afhent sérstök fjölmiðlaviðurkenning sem Frjáls verslun fékk. Þá fundaði ráðið með ymsum aðilum sem fjalla um jafnréttismál og styrkti nokkur verkefni sem tengjast verksviði þess.

## 5.4 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kæruneftnd skilaði álit í sex málum á starfsárinu. Athyglisvert er að þrjú þessara mála fjalla um meinta launamismunun. Í einu tilvikinu var jafnframt kært vegna uppsagnar. Tvö mál eru vegna opinberrar stöðuveitingar og eitt þess efnis að vinnumiðlun forgangsraði í störf eftir kyni.

Lögmenn SA hafa aðstoðað aðildarfyrirtæki samtakanna við að svara erindum frá kæruneftndinni. Þessi mál hafa kallað á umfangsmikla framlagningu gagna fyrir nefndinni. Það á ekki síst við um mál vegna meintrar launamismununar þar sem fyrirtækið þarf að skýra afstöðu sína og geta sýnt fram á að hlutlægar ástæður, svo sem ólíkt starfssvið, ábyrgð eða frammistaða, liggi að baki launamun milli starfsmanna. Þá skiptir máli að starfslýsingar eða önnur gögn sem renna stöðum undir fullyrðingar fyrirtækisins séu fyrir hendi.

## Skylda til upplýsingagjafar

Í máli nr. 11/2004 reyndi á skyldu fyrirtækis til að veita kæruneftnd jafnréttismála upplýsingar um launakjör einstakra starfsmanna án þess að fyrir liggi hvort umrædd störf geti talist jafnverðmæt og sambærileg og því mögulega um kynbundna mismunun að ræða. Fyrirtækið taldi sér ekki fært að upplýsa kæruneftndina um launakjör sem væru trúnaðarmál milli þess og starfsmanns nema þörf krefði og þá sem trúnaðarmál. Fyrirtækið lagði



áherslu á að trúnaður um hugsanlega upplýsingagjöf yrði hafður í heiðri og innti eftir túlkun kærunefndar á ákvæði jafnréttis laga um að fara skuli með launaupplýsingar sem trúnaðarmál. Kærunefnd svaraði því til að með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum í málinu kynnu upplýsingar um launakjör sérfræðinga sem starfa hjá félaginu að hafa þýðingu við úrlausn málsins. Krafa um afhendingu launaupplýsinganna var því ítrekuð. Sú niðurstaða verður að teljast sérkennileg með vísan til þess að fyrir lágu ítarlegar upplýsingar um ólíkt starfssvið viðkomandi sérfræðinga enda varð það niðurstaða kærunefndar að störf þeirra væru ekki jafnverðmæt og sambærileg. Um meðferð trúnaðarupplýsinga sem lagðar hafa verið fyrir kærunefndina vísaði nefndin til reglugerðar nr. 50/2003 þar sem fram kemur að ef slík gögn eru lögð fyrir kærunefndina verða þau ekki afhent öðrum en aðilum viðkomandi máls. Við afhendingu slíkra gagna skal jafnframt greina móttakanda skýrt frá því að gögnin skuli meðhöndluð sem trúnaðarmál.

#### Kæur vegna launamismununar

Í tveimur ofangreindra mála reyndi á mat á því hvort starf það sem kærandi vísar til og hefur borið starf sitt saman við teljist hafa verið jafnverðmætt og sambærilegt í skilningi jafnréttis laga. Kærendur voru í báðum tilvikum konur. Af hálfu fyrirtækjanna var sjónarmiðum kæranda varðandi launamismunun andmælt með vísan til þess að viðkomandi störf hafi ekki verið sambærileg og jafnverðmæt með tilliti til inntaks þeirra, starfssviða, reynslu, sérfræðisþekkingar, ábyrgðar og vinnutíma. Í fyrra málinu óskaði kærandi eftir því að nefndin tæki til meðferðar hvort launagreiðslur til hans sem sérfræðings fælu í sér ólögmetna mismunun. Deilt var um inntak starfa sérfræðinga fyrirtækisins og framlagningu gagna en frá upphafi lá fyrir að veigamikill þáttur í störfum annarra sérfræðinga fyrirtækisins fól í sér persónulega ábyrgð og skuldbindingar sem ekki voru fólgnar í starfi kæranda. Niðurstaða kærunefndar tók mið af því og störfin því ekki talin vera jafnverðmæt og sambærileg. Í seinna málinu var meðal annars byggt á því af hálfu fyrirtækisins að karlmaðurinn hafi haft sérþekkingu á banönum og að sú þekking hafi verið forsenda þess að hann var ráðinn til félagsins. Niðurstaða kærunefndar var að fallast yrði á að umræddur karlkyns starfsmaður hafi haft aðrar starfsskyldur heldur en kærandi. Þannig hafi starfsmanninum verið falin yfirumsjón með þroskun banana á lager sem fyrirtækið hafi lýst sem mikilsverðum þætti í starfi viðkomandi.

Þriðja málið laut hins vegar að röðun í launaflokka á grundvelli mismunandi kjarasamninga. Ágreiningslaust var að viðkomandi störf voru sambærileg. Kærunefndin vísar í niðurstöðu sinni til þess að eins og staðfest sé í dómum Hæstaréttar í málum nr. 255/1996, 11/2000 og síðar 258/2004 geti mismunandi kjarasamningar ekki einir og sér réttlætt mismun starfsskjara kvenna og karla í skilningi jafnréttis laga. Telur kærunefnd jafnréttismála að engu skipti í þessu sambandi hvort um er að ræða almenna kjarasamninga á vinnumarkaði eða stofnanasamninga stéttarfélaganna við einstaka stofnanir, slíkir samningar verða ekki taldir geta réttlætt mismun á kjörum kvenna og karla fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Þá verði ekki séð að aðrar skýringar sem fram hafa komið í málinu réttlæti eða teljist sanna að hlutlægar og málefnalegar ástæður hafi ráðið þeim mun sem var á kjörum kæranda og karla sem sinntu sömu störfum.

#### 5.5 VEFSVÆÐIÐ HGJ.IS

Samtök atvinnulífsins hafa verið meðal hollvina hins gullna jafnvægis, sem haldið hefur úti vefsvæðinu hjg.is. Formlega er samstarfinu nú lokið en vefsvæðið er ennþá rekið. Þar hefur verið vettvangur áhugafólks um samhæfingu vinnu og einkalífs, ætlað öllum þeim sem starfs síns vegna geta stuðlað að bættu starfsumhverfi, auknum sveigjanleika og samhæfingu vinnu og einkalífs á íslenskum vinnumarkaði, svo sem starfsmannastjórum, jafnréttisráðgjöfum og stjórnendum með mannaforráð. Markmið vefsvæðisins, auk þess að viðhalda þeirri athygli sem verkefnið Hið gullna jafnvægi veitti þessum málaflokki, hefur einkum verið að safna saman og gera aðgengilegt efni um sveigjanleika á vinnustöðum og samræmingu starfs og einkalífs í þeim tilgangi að auðvelda stjórnendum að þróa og innleiða aukinn sveigjanleika sem stefnu – fyrirtækjum til hagsbóta og starfsfólki til aukinna lífsgæða. Á svæðinu er meðal annars að finna áherslur SA í jafnréttismálum. Á ráðstefnu hjg.is sem haldin var 16. febrúar síðastliðinn var viðurkenning hollvina, Vogarskálín, veitt í þriðja sinn fyrir framlag sem stuðlar að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki. Að þessu sinni voru það Maritech ehf. og VR sem hlutu Vogarskálína fyrir framlag sem stuðlar að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki.

#### 5.6 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA eiga aðild að.



# LÍFEYRISMÁL

## 6.1 STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Í árslok 2005 tóku 36 lífeyrissjóðir á móti iðgjöldum og þar af 23 fyrir sjóðsfélaga á almennum vinnumarkaði. Viðræður um sameiningu lífeyrissjóða gætu leitt til þess að sjóðum fækki um fjóra á árinu 2006. Þróunin í átt til færri lífeyrissjóða hefur verið hröð sem sjá má af því að fimm stærstu sjóðirnir höfðu yfir að ráða 54% heildareigna lífeyrissjóða árið 2004 og 10 stærstu 71%. Sjóðirnir hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár og námu eignir þeirra um 1.200 milljörðum króna í árslok 2005 sem nam liðlega 120% af landsframleiðslu ársins.

Auk lögbundins sparnaðar í samtryggingarlífeyrissjóðum hefur frjáls viðbótarlífeyrissparnaður farið vaxandi undanfarin ár. Árið 2005 fékk helm-ingur framteljenda frádrátt frá tekjuskatti vegna séreignarlífeyrissparnaðar árið áður. Að viðbættu mótfamlagi vinnuveitenda hefur séreignarlífeyrissparnaður numið um 13 milljörðum króna árið 2004.

Í tengslum við frágang kjarasamninga SA og viðsejenda vorið 2004 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að hún væri reiðubúin til þess að taka upp viðræður við sérstaka lífeyrisnefnd SA og ASÍ um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu milli lífeyrissjóða og almannatrygginga. Á fyrri hluta samningstímabilsins, þ.e. árið 2004 og fram á haust 2005, fjallaði lífeyrisnefnd SA og ASÍ einkum um breytingu á réttindakerfi lífeyrissjóðanna úr jafnri ávinnslu réttinda yfir starfsævina yfir í aldurstengda réttindamyndun. Viðræður við stjórnvöld sátu hins vegar á hakanum.

Hækkun iðgjalds í lífeyrissjóðina, úr 10% í 11% samtals frá árinu 2005 og í 12% frá árinu 2007, sem ákveðin var með gerð kjarasamninga árið 2004, var almennt ekki ætlað að auka rétt sjóðsfélaga til lífeyris heldur að gera sjóðunum kleift að standa undir núverandi lífeyrisloforðum. Óhjákvæmilegt var því að draga úr ávinnslu réttinda samhliða hækkun iðgjaldsins og það gerðu flestir sjóðirnir.

## 6.2 ALDURSTENGÐ RÉTTINDAÁVINNSLA


Sú jafna ávinnsla lífeyrisréttinda á starfsævinni sem lífeyriskerfi landsmanna hefur frá upphafi byggt á er barn síns tíma sem upphaflega hafði það markmið að færa þeim sem skamman tíma áttu eftir til töku lífeyris meiri rétt en sparnaður þeirra gaf tilefni til. Jöfn ávinnsla réttinda felur í sér tilflutning frá yngri sjóðsfélögum til þeirra eldri. Fyrirkomulagið getur gengið upp ef sjóðsfélagar eru í sama sjóði alla starfsævina og aldursskipt-

ing er stöðug í sjóðunum. Þetta er hins vegar ekki raunin og það hefur orðið vart við vaxandi togstreitu í lífeyriskerfinu, þar sem sumir sjóðir hafa aldurstengda ávinnslu en aðrir jafna. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa á undanfönum árum breytt ávinnslu úr jafnri í aldurstengda, þar á meðal Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn. Óhjákvæmilegt var talið að bregðast þyrfti við með því að breyta í aldursháða réttindaávinnslu.

Það fór ekki svo að allir lífeyrissjóðirnir gerðu þessa breytingu samtímis. Sameining Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna í Gildi-lífeyrissjóð þrýsti á um að annars vegar yrði fundin ásættanleg aðferð við tilflutninginn úr jafnri yfir í aldurstengda ávinnslu og hins vegar lausn á því hvernig fara skyldi með áunnin réttindi þegar sjóðsfélagar skiptu um sjóði. Sameining sjóðanna átti sér stað um mitt ár 2005 og aldurstengd ávinnsla hófst frá og með 1. júní 2005. Sama breyting var gerð í Lífeyrissjóði Austurlands, Lífeyrissjóði Suðurlands, Lífeyrissjóði Vesturlands, Lífeyrissjóði Vestfirðinga og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Aldurstengd ávinnsla hófst í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda frá 1. janúar 2006. Þessir átta sjóðir, sem tóku upp aldurstengda réttindaávinnslu, ýmist um mitt ár 2005 eða 1. janúar 2006, hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á réttindum til jafnrar ávinnslu. Fleiri sjóðir huga að svipuðum breytingum.

Aðferð Gildis-lífeyrissjóðs við tilfærsluna yfir í aldurstengda réttindaávinnslu fólst í því að veita sjóðsfélögum verðtryggðan rétt til jafnrar ávinnslu miðað við það iðgjald sem viðkomandi greiddi árið 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst af viðkomandi hafi það verið fyrir. Iðgjaldsgreiðslur

Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirlitið, SI



umfram það fari í aldurstengda ávinnsu. Þetta hefur í för með sér að auknar iðgjaldsgreiðslur vegna einstaklingsbundinna launahækkana umfram verðlag frá árinu 2003 (kaupmáttaraukning) og auknar iðgjaldsgreiðslur vegna hækkunar heildariðgjalds úr 10% í 12% renna í aldursháða ávinnsu. Rétturinn til jafnrar ávinnsu nær til virkra sjóðsfélaga, 25 ára og eldri, sem og til þeirra sem eiga geymd réttindi í sjóðnum og gerast sjóðsfélagar á ný.

Þann 31. október 2005 gerðu ASÍ og SA með sér samkomulag um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi. Í samkomulaginu var í meginatriðum kveðið á um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyti úr jafnri ávinnsu í aldurstengda skuli veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða rétt til þess að greiða iðgjöld til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs. Þetta gildi þó ekki gagnvart sjóðsfélögum þeirra sjóða sem áður hafi fært sig yfir í aldurstengda réttindaávinnsu. Einstaklingur sem öðlast hafi rétt til að greiða viðmiðunargjald til jafnrar ávinnslu skuli halda þeim rétti þótt hann flytjist á milli sjóða samkvæmt sömu reglum og gildi fyrir sjóðsfélaga viðkomandi sjóðs. Forsenda þessa er þó sú að viðkomandi sjóðir hafi gert gagnkvæmt samkomulag um skiptingu réttinda.

Framangreind lausn felur í sér að nýir sjóðsfélagar fara beint í aldurstengda ávinnsu en flestir aðrir sem eru eldri en 25 ára verða í jafnri ávinnsu með tilteknu þaki, þannig að blandað kerfi jafnrar og aldurstengdrar ávinnslu verður við lýði næstu 40 ár.

Með því að aldurstengja réttindaávinnsu hefur skapast betra jafnvægi á milli myndunar réttinda og ávöxtunar lífeyrisiðgjalda hvers og eins og leystur er sambýlisvandi tveggja ólíkra kerfa

á almennum vinnumarkaði. Æskilegt er að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna lagi sig að þessari breytingu því ella er hættu á að dragi úr hreyfanleika fólks á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar.

### 6.3 SAMKOMULAG VIÐ RÍKISSTJÓRNINA

Meginhlutverk lífeyrissjóða er að standa undir ellilífeyrisgreiðslum til sjóðsfélaga og má telja það óeðlilegt að lífeyrissjóðirnir verji jafn stórum hluta af lífeyrisgreiðslum sínum til örorkulífeyris og raunin hefur verið undanfarin ár. Ört vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna hefur varpað ljósi á það hversu misjöfn hún er og á ósanngirni þess að sjóðsfélagar tiltekinn lífeyrissjóða beri þyngri byrðar en aðrir af þessum sökum í formi lakari ellilífeyris. Fjallað var um málið á fundi samningsaðila og stjórnvalda 15. nóvember, samhliða endurskoðun á forsendum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voru endurskoðaðar Leiddu þær viðræður til þess að ríkisstjórnin gaf út eftirfarandi yfirlýsingu um jöfnun á örorkubyrði:

Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.

Tryggingagjaldsstofn verður um 600 milljarðar króna á árinu 2006. Samkvæmt því verður framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði 900 m.kr. árið 2007, 1.200 m.kr. árið 2008 og 1.500 m.kr. frá og með árinu 2009. Það verkefni bíður SA og ASÍ í samstarfi við stjórnvöld að finna aðferð til að skipta þessum fjármunum.

### 6.4 STJÓRNSKIPUÐ NEFND GERI TILLÖGUR

Í framhaldi af samkomulaginu 15. nóvember 2005 var skipuð nefnd með fulltrúum stjórnvalda, aðilum vinnumarkaðar og fulltrúum lífeyrissjóða og öryrkja með það verkefni að gera tillögur um hvernig megi samræma viðmið til örorkumats í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna. Jafnframt skal nefndin fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem hafa þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku.

## 6.5 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnun lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins eru (miðað við 15. mars 2006).

### Gildi – lífeyrissjóður

(1. júní 2005 sameinuðust Lsj. sjómanna og Lsj. Framsýn)

Ari Edwald  
Höskuldur Ólafsson  
Friðrik J. Arngrímsson  
Sveinn S. Hannesson

### Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

Tryggvi Guðmundsson  
Arnbjörn Óskarsson  
Sveinn Þ. Jónsson

### Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Porgeir Jósefsson  
Örn Jóhannsson  
Haraldur Þ. Ólason

### Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tryggvi Jónsson

### Lífeyrissjóður Vesturlands

Bergþór Guðmundsson  
Ellert Kristinsson  
Áslaug Þorvaldsdóttir

### Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Elías Jónatansson  
Jenní Hólmsteinsdóttir  
Flosi Jakobsson

### Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Kristján G. Jóhannsson  
Einar Valur Kristjánsson

### Lífeyrissjóður Norðurlands

Kristján Björn Garðarsson  
Kristján Þór Júlíusson  
Einar Einarsson  
Sírý Hrönn Haraldsdóttir

### Lífeyrissjóður Austurlands

Aðalsteinn Ingólfsson  
Björgólfur Jóhannsson

### Lífeyrissjóður Rangæinga

Guðmundur Svavarsson  
Ragnar Pálsson

### Lífeyrissjóður Suðurlands

(1. júlí 2005 sameinuðust Lsj. Suðurnesja og Lsj. Suðurlands)  
Eðvarð Júlíusson  
Einar Sigurðsson  
Bergþór Baldvinsson

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Sigurgeir B. Kristgeirsson  
Arnar Sigurmundsson  
Hörður Óskarsson





# UMHVERFISMÁL

Umhverfismál skipa orðið fastan sess í starfsemi Samtaka atvinnulífsins. Samtökin hafa mótað almenna stefnu á þessu sviði og umhverfishingur þeirra hittist reglulega og tekur fyrir ýmis mál sem varða félagsmenn. Í febrúar síðastliðnum heim-sótti hópurinn Alcan í Straumsvík. Samtökunum berast stöðugt mál til umfjöllunar frá ráðuneytum og opinberum stofnunum og ábendingar og fyrirspurnir frá félagsmönnum.



## 7.1 UMHVERFISMÁL Gróðurhúsalofttegundir

Á fundi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og þeirra ríkja sem aðild eiga að Kyoto-bókuninni við samninginn var ákveðið að hefjast handa við undirbúning þess hvað skuli taka við að loknu því tímabili sem Kyoto-bókunin nær til. Á árinu 2006 þurfa stjórnvöld í aðildarríkjunum að skila til skrifstofu samningsins tillögum sínum um hvernig þau sjái fyrir sér framhaldið. Samtök atvinnulífsins hafa látið þessi mál til sín taka og hafa á vef samtakanna birst pistlar þar sem fram hefur komið að Ísland stendur vel að vigi við að uppfylla skuldbindingar sínar, að óskynsamlegt sé að leggja kvaðir á nýtingu endurnýjanlegrar orku og að dregið hafi úr útstreymi frá almennum atvinnurekstri hér á landi. Mikilvægt er að við frekari alþjóðlega samningagerð á þessu sviði verði reynt að ná samstöðu meðal allra þeirra þjóða þar sem útstreymi er mest og þar sem það eykst mest. Annars er borin von að árangur náist.

### Eftirlitsmál

Samtökin hafa reynt að fylgja eftir tillögum sínum um endurskoðun á eftirliti því sem heyrir undir umhverfisráðuneytið en tillögurnar felast í því að eftirlitið annist faggiltar skoðunarstofur sem starfa á almennum markaði og komi þær í stað heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa með höndum umfangsmikinn atvinnurekstur á mörgum sviðum og gjarnan í samkeppni við einkaaðila og er óeðlilegt að þau hafi eftirlit með sjálfum sér og hafi auk þess sjálfðæmi um gjaldtöku fyrir eftirlitið. Lagðar voru fyrir umhverfisráðuneytið tillögur um breytingar á svokallaðri hollustuhátta-reglugerð í júní 2005 en ráðuneytið hafði gefið til kynna áhuga á að einfalda eftirlit með þeirri reglugerð. Vonir SA standa til að af því geti orðið.

### Hreinn ágóði

Umhverfishingur SA hafði frumkvæði að fundi sem haldinn var á Grand Hótel í Reykjavík 28. september undir yfirskriftinni *Hreinn ágóði. Hvernig græða fyrirtæki á umhverfisstarfi?* Þar

voru kynnt umhverfisstjórnkerfi sem fyrirtæki á Íslandi vinna eftir, fjallað um umhverfisstarf í fyrirtækjum og þýðingu þess og kostnað og ágóða af slíku umhverfisstarfi. Flutt voru 10 erindi þar sem fulltrúar fyrirtækja lýstu málinu frá sjónarhóli síns fyrirtækis auk þess sem framkvæmdastjóri SA flutti opunarávarp og umhverfisráðherra sleit ráðstefnunni. Ráðstefnan var afar vel sótt og í tengslum við hana kom út kynningarritið *Hreinn ávinningur: Hvaða valkostir eru í boði í umhverfisvottun á Íslandi?* en þar er að finna yfirlit yfir þær umhverfisvottanir sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að og byggja á óháðri úttekt þriðja aðila. Ýmist er um að ræða vottun á vöru, þjónustu eða stjórnun en yfirleitt eru þó ekki skórp skil þar á milli. Ráðstefnan var haldin í samstarfi SA, SI, Umhverfisfræðsluráðs og ASÍ.

### Áhættugreining og áhættumat

Í október héldu SA opinn fund um áhættugreiningu og áhættumat í fyrirtækjum, en í sífellt fleiri lögum og reglugerðum eru gerðar kröfur um að fyrirtæki geri sérstakt áhættumat sem varðar bæði ytra umhverfi og innri starfsemi. Fyrirlasarar voru dr. Björn Karlsson brunamálastjóri, Gestur Pétursson frá Inpro, Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun og Inghildur Einarsdóttir frá Vinnuettirlitinu. Gáfu þau bæði greinargóðar og gagnlegar upplýsingar þar sem meðal annars kom fram að áhættu er unnt að meta með ýmsu móti og í mörgum tilvikum er unnt að beita einföldum og handhægum aðferðum við matið. Fundinn sóttu ríflega 60 manns.

### Raftækja- og rafeindatækjaúrgangur

Umhverfiráðuneytið skipaði snemma árs 2005 starfshóp til að fjalla um innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um ofangreint efni. Í tilskipuninni eru lagðar ríkar kvaðir á einstaka framleiðendur og innflytjendur en áður hefur verið gert og bera þeir ábyrgð á að til staðar sé kerfi til að taka við tækjunum þegar þau hafa lokið hlutverki sínu. Í starfshópnum hefur verið fjallað um hvort unnt sé að laga úrvinnslugjaldskerfið að þessari tilskipun en það flækir málið að samkvæmt tilskipuninni geta einstakir framleiðendur eða innflytjendur sett upp sitt eigið kerfi en þurfa þá að leggja fram tryggingar til að ljóst sé að þeir muni standa við skuldbindingar sínar.

### Umhverfisþing 2005

Umhverfisráðuneytið boðaði til umhverfisþings í nóvember þar sem varaformaður SA, Þorgeir Baldursson, fjallaði um sjálfbæra þróun og sagði



meðal annars að hagnaður í atvinnulífinu væri undirstaða alls hagvaxtar og allrar sjálfbærrar þróunar. Hann sagði ekki nóg að horfa á mál-efnið með gleraugum umhverfisráðuneytisins, einstakra stofnana eða umhverfisverndarsamtaka, heldur yrði að horfa á málin heildstætt. Þorgeir skoraði á umhverfisráðuneytið að grísa reglugerðaskóg sinn í samræmi við átak forsætisráðherra um *einfallara Ísland* og hvatti jafnframt til að eftirlitskerfi með starfsemi fyrirtækja yrði fært til nútímans. Hann sagði engin skynsemisrök vera fyrir því að takmarka nýtingu á orkulindum Íslands með alþjóðlegum samningum – slíkt leiddi einungis til tjóns fyrir umhverfið. Fulltrúar ýmissa fyrirtækja tóku virkan þátt í þinginu og fluttu þar erindi um góðan árangur á þessu sviði.

#### Varnir gegn mengun hafs og stranda

Um síðustu áramót tóku að fullu gildi lög um varnir gegn mengun hafs og stranda þar sem fyrirtækjum sem falla undir lista sem fylgdi lögunum er gert að taka tryggingu að upphæð einni milljón SDR sem bæti tjón er verða kann. Auk þess tóku gildi ákvæði sem skylda þau fyrirtæki sem valdið geta mengun hafs og stranda og falla undir umræddan lista að gera sérstakt áhættumat og viðbragðsáætlun. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamtök fiskvinnslustöðva hafa útbúið leiðbeiningar og dæmi um viðbragðsáætlanir og áhættumat.

## 7.2 VINNUMHVERFI

### Vinnueftirlit ríkisins

Samtök atvinnulífsins eiga tvo fulltrúa í 9 manna ráðgefandi stjórn Vinnueftirlitsins en á hennar vegum var undirbúin innleiðing á tilskipunum frá ESB um varnir gegn áhættu af völdum titrings, um notkun tækja og um hávaða á vinnustöðum. Snemma á þessu ári lauk tveggja ára vinnu sérstakrar undirnefndar stjórnar VER sem hafði það hlutverk að móta tillögur að nýrri reglugerð um öryggis- og heilbrigðisstarf á vinnustöðum. Í tillögnum er fjallað um starf öryggisnefnda og gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði sem meðal annars byggir á áhættumati. Tillögurnar voru samþykktar í stjórn VER í febrúar og hafa verið sendar félagsmálaráðherra sem tekur endanlega ákvörðun um útgáfu reglugerðar og efni hennar.

Vinnueftirlitið breytti á starfsárinu fyrri umsögn sinni til sýslumannsins á Seyðisfirði vegna umsóknar fimm slóvenskra ríkisborgara um sprengileyfi hjá verktakafyrirtækinu Impregilo. Þessir sömu fimm menn höfðu árið 2004 fengið tímabundið sprengileyfi til fimm til starfa við sprengingar hjá fyrirtækinu Fosskraft við stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2005 óskaði Impreglio eftir leyfi til að nýta starfskrafta þeirra einnig og útvíkka þannig hið tímabundna sprengileyfi til vinnu við aðrennslisgöng virkjunarinnar. Vegna neikvæðrar umsagnar VER hafnaði sýslumaður hins vegar nú að útvíkka sprengileyfi starfsmannanna og staðfesti dómsmálaráðuneytið þá niðurstöðu með úrskurði. Impregilo hefur kært þessa stjórnarsýslu VER til umboðsmanns Alþingis.

## 7.3 ERLEND SAMSKIPTI

Í 9. kafla ársskýrslunnar er fjallað um reglubundin erlend samskipti SA á sviði umhverfis- og vinnuverndarmála.

## 7.4 NEFNDIR

Í 1. kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfis- og vinnuverndarmála sem SA eiga aðild að.



# SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

## 8.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 132. löggjafarþingi, 2005–2006, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (*miðað við 7. apríl 2006*).

### Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum
- breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda
- breytingu á lögum nr. 138 /1994, um einkahlutafélög, stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda
- breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, upplýsingaákvæði
- breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, upplýsingaákvæði
- breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði
- háskóla
- stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins
- breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, reykingabann
- stofnun Matvælarannsóknna hf.
- faggildingu o.fl.
- Ríkisútvarpið hf.
- umhverfismat áætla
- starfsmannaleigur
- breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, úttekt faggilts aðila
- vatnalög
- breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, afnám úrskurðarnefndar
- breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, EES-reglur, lækna í starfsnámi

- upplýsingarétt um umhverfismál, EES-reglur
- breytingu á höfundarlögum, nr. 73/1972, EES-reglur
- breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, reiknireglur, endurgreiðsla og lækkun gjalds

### Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, ferðakostnaður
- breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, samgöngumannvirki, blöð og tímarit
- breytingu lagaákvæða sem varða bensingjald og olúgjald, tímabundin hækkun gjalds
- aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, hlutfall fjármagnstekjuskatts
- breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, vanskil á vörslufé

### Þingsályktunartillögur um

- mat á framtíðarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum
- samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga
- fullorðinsfræðslu
- öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta
- nýskipan í starfs- og fjöltækninámi
- eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum,
- nýtt tækifæri til náms

### Umsagnir til ráðuneyta um

- drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum.

Ofangreindar umsagnir eru allar aðgengilegar á vef SA.

## 8.2 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

### Samkeppnislög

Ný samkeppnislög, nr. 44/2005, tóku gildi 1. júlí 2005. Með lögnum urðu gagngerðar breytingar á stjórnskipulagi samkeppnismála. Ný stofnun, Samkeppniseftirlitið sem lýtur þriggja manna



stjórn, fer með eftirlit samkvæmt lögnum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Samkeppnisráð er lagt niður. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins skal ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kærur til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Heimildir Samkeppniseftirlitsins til aðgerða eru auknar og geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þó er einungis heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnarángursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi. Þetta ákvæði var mjög umdeilt. Á móti kemur að c-liður 17. gr. eldri laga sem veitti opna heimild til aðgerða gegn „aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni“ var felld niður.

Þá er Samkeppniseftirlitinu, við vissar aðstæður, heimilað að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Auk þess er ákvæðum um framkvæmd samkeppnisreglna og fleira samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið breytt til samræmis við nýjar reglur Evrópusambandsins. Margar þessara breytinga eru í samræmi við þær áherslur sem SA hafa lagt fram í samkeppnismálum. Það veldur hins vegar vonbrigðum að veltumörk fyrir tilkynningaskyldan samruna fyrirtækja skuli ekki hafa verið hækkuð.

#### Lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005

Í lögnum er að finna ákvæði sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og voru áður í samkeppnislögum.

#### Lög um starfsmannaleigur

Með lögum nr. 139/2005 var öllum starfsmannaleigum sem starfa á Íslandi gert að uppfylla skilyrði laganna um tilkynningu og upplýsingagjöf til Vinnuálastofnunar sem heldur skrá yfir allar starfsmannaleigur sem starfa á Íslandi. Starfsmannaleigur skulu einnig hafa sérstakan fulltrúa hér á landi sem ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum tilskyldar upplýsingar. Fulltrúinn ber einnig ábyrgð á að veita trúnaðarmönnum á vinnustað og/eða samstarfsnefnd ASÍ og SA upplýsingar um

launakjör erlendra starfsmanna sinna sé þess óskað. Starfsmannaleigur eru jafnframt bundnar af ákvæðum starfsmannaleigulaganna um að hafa gert skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína auk fleiri ákvæða. Vinnuálastofnun hefur eftirlit með framkvæmd starfsmannaleigulaganna og ber starfsmannaleigu skylda til að veita stofnuninni þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna, meðal annars um ráðningarsamninga og ráðningarkjör. Hafi starfsmannaleiga ekki sinnt kröfu Vinnuálastofnunar um að farið sé að lögum getur stofnunin krafist þess að lögregla stöðvi tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar þar til úrbætur hafa verið gerðar. Brot gegn lögnum varða sektum sem renna í ríkissjóð.

#### Lög um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd

Með lögum nr. 2/2006 var úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 felldur úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Í lögnum er einnig kveðið á um að frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%. Einnig að þir Kjaradóms og kjaranefndar skuli frá og með gildistöku laganna og til loka árs 2006, taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði.





### 8.3 DÓMSMÁL

#### Nýtt opinbert eftirlit og eftirlitsgjöld með útfluttu fiskmjöli og lýsi

Í byrjun árs 2003 hóf Aðfangaeftirlit landbúnaðarins nýtt eftirlit með útflutningi á fiskmjöli og lýsi en þessi stofnun hafði áður einungis haft eftirlit með sölu fiskmjöls á innanlandsmarkaði til bænda. Þetta nýja opinbera eftirlit var tekið upp án nokkurs samráðs eða vitneskju fyrirtækja í greininni eða hagsmunasamtaka þeirra. Ári seinna, 2004, krafði Aðfangaeftirlitið (nú Landbúnaðarstofnun) fiskmjöls- og lýsisframleiðendur um sérstakt eftirlitsgjald, sem nam 0,1% af áætluðu framleiðsluverðmæti útfluttra fiskmjöls- og lýsisafurða. Nam þetta nýja eftirlitsgjald rúmlega 50 m.kr. á atvinnugreinina í heild. Samtök atvinnulífsins mótmæltu lögmæti þessa nýja eftirlits og eftirlitsgjaldi vorið 2004 á þeirri forsendu að lög nr. 22/1994 um fóðureftirlit, sem aðfangaeftirlit fyrir bændur var byggt á, tæki ekki samkvæmt efni sínu og gildissviði til eftirlits með útflutningi fiskmjöls og lýsis. Samtökin töldu að um nýja lagatúlkun og framkvæmd á lögum 22/1994 væri að ræða. Fiskistofu væri falið eftirlit með fiskmjölsframleiðslu í sérlögum. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit nr. 27/1999 væri einnig óheimilt að setja á fót nýtt opinbert eftirlit nema fyrir lægi greinargerð um þjóðfélagslega nauðsyn þess. Vorið 2005 höfðu Aðfangaeftirlitið prófmál til innheimtu þessa nýja eftirlitsgjalds gegn Síldarvinnslunni hf. og krafðist tæplega 14 m.kr. í meint vangoldin eftirlitsgjöld vegna ársins 2003 og fyrstu þriggja mánaða ársins 2004. Héraðsdómur féll í málinu í september 2005. Niðurstaða héraðsdóms var sú að skýra lagaheimild hafi

skort fyrir þessari innheimtu og var fyrirtækið því sýknað. Dóminum hefur hins vegar verið áfrýjað til Hæstaréttar.

#### Uppsafnaður frítökuréttur vegna skerðingar á sólarhringshvild er kjarasamningsbundinn réttur

Í kjarasamningum flestra landssambanda ASÍ árið 1997 var samið um sérstakar greiðslureglur vegna skerðingar á 11 klst. lágmarks sólarhringshvild, um sérstaka uppsöfnun á frítökurétti á launaseðli, sem taka mátti út síðar. Starfsgreinasambandið samdi árið 2000 um slíkan frítökurétt fyrir hópferðabifreiðastjóra í nýjum kafla um hópferðabifreiðastjóra árið 2000. Bifreiðastjórafélagið Sleipnir samdi ekki um slík frítökuréttarákvæði fyrr en með kjarasamningi sem tók gildi í desember 2004. Bifreiðastjóri hjá Kynnisferðum sem tók laun skv. kjarasamningi Bsf. Sleipnis gerði þá kröfu við starfslok sín haustið 2004 að hann fengi greiddan út frítökurétt, sem hann taldi hafa safnast upp vegna skerðingar á hvild á árunum 2001–2004, rúmar 750 þús. kr. Byggði hann fjárkröfuna meðal annars á því að það væri eðlileg og sanngjörn regla að hann nyti frítökuréttar eins og almennt gerðist á vinnumarkaði. Þessum máláttilbúnaði hafnaði héraðsdómur. Ekki hefði falið annað og meira í reglum gildandi reglugerðar um hvíldartíma ökumanna eða í ákvæðum þágildandi kjarasamnings Sleipnis heldur en fram kæmi í efnisákvæðunum. Hvíldarákvæðin veittu einstaklingi rétt til að taka hvild á hverjum sólarhring en ekki rétt til að safna honum upp. Fyrirtækið var því sýknað af kröfu um ógreiddan frítökurétt.



# ERLEND SAMSKIPTI

## 9.1 AF EVRÓPUVETTvangi

Evrópusambandið hefur glímt við ýmsa erfiðleika síðasta árið. Skemmt er að minnast þess að stjórnarskrársáttmála ESB var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í tveimur af hinum „gömlu“ aðildarríkjum þess, Frakklandi og Hollandi. Þá hefur lítið miðað áfram í markmiðum leiðtogaáðs ESB frá árinu 2000, hinum svokölluðu Lissabon-markmiðum, um að gera sambandið að tæknivæddasta og samkeppnishæfasta þekkingarsamfélagi heims árið 2010. Bretar tóku því við erfiðu búi þegar þeir tóku við formennsku þann 1. júlí 2005. Tókst þeim með naumindum að leiða til lykta samkomulag um fjárlög sambandsins fyrir 2007–2013 undir lok formennsku sinnar en miklar deilur spunnust um afslátt Breta af aðildargreiðslum svo og um landbúnaðarstyrki ESB. Austurríki tók við formenskunni í upphafi árs 2006. Eitt af verkefnum þeirra er að finna stjórnarskrársáttmálanum nýjan farveg. Mikil þörf er á endurbótum á ESB-samningnum, ekki síst eftir stækkun ESB úr 15 ríkjum í 25, til að aðlaga hann að stærra sambandi með því til dæmis að auðvelda lagasetningarferlið. Hins vegar eru skiptar skoðanir um hver örlög sáttmálan geta orðið, ýmist er talað um að hann sé úr sögunni eða að hægt sé að byggja á honum áfram. Nokkur ríki héldu áfram ótrauð og samþykktu stjórnarskrársáttmálann heima fyrir þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu í Frakklandi og Hollandi. Ljóst þykir hins vegar að finna þarf niðurstöðu um framhaldið sem flestir geta sætt sig við.

Aðildarríkjum ESB var heimilað að takmarka tímabundið aðgang launþega frá hinum nýju aðildarríkjum að vinnumarkaði sínum við stækkun ESB árið 2004. Öll ríkin að Bretlandi, Írlandi og Svíþjóð undanskildum beittu slíkum takmörkunum. Ísland og Noregur nýttu sér einnig slíka heimild. Ríkin þurfa nú að taka afstöðu til þess fyrir 1. maí 2006 hvort þau telji nauðsynlegt að nýta sér áfram heimild til slíkra takmarkana. Reynsla þeirra ríkja sem ekki nýttu sér heimildina er almennt góð.

## 9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA samanstendur af fulltrúum samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna allra. SA, SI, ASÍ, BSRB og Viðskiptaráð eiga öll fulltrúa í nefndinni. Þá á Samband íslenskra sveitarfélaga áheyrnarfulltrúa. Nefndin heldur alla jafna um fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherrum EFTA ríkjanna og með fastanefnd EFTA. Þá myndar nefndin EFTA-hluta Ráðgjafarnefndar EES, á móti Efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Nýlega var tekið upp formlegt samráð nefnd-

arinnar við þingmannanefnd EFTA og voru tveir samráðsfundir nefndanna haldnir á starfsárinu. Ráðgjafarnefndin hefur lagt áherslu á að forgangsraða verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni aðildarríkjanna og viðfangsefni ESB hverju sinni. Síðustu misseri hefur nefndin einkum beint kröftum sínum að samskiptum EFTA við svo nefnd þriðju ríki og nærsvæðastefnu ESB, að svo nefndu Lissabon ferli ESB um bættu samkeppnishæfni Evrópu, og að stækkun ESB og EES og mótun nýs Þróunarsjóðs EFTA. Ráðgjafarnefndin hefur gefið út fjölda álita um ýmsa þætti Evrópusamvinnunnar með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjum.

## 9.3 UNICE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

UNICE leggja sem fyrr aðaláherslu á aukna samkeppnishæfni Evrópu á heimsvísu. Innan samtakanna starfa sjö stefnumótandi nefndir og undir þeim fjöldi vinnuhópa þar sem koma saman sérfræðingar frá aðildarríkjum UNICE sem vinna að því að móta afstöðu UNICE á viðkomandi sviðum. Meðal mála sem hafa verið ofarlega á baugi í ár eru áframhaldandi innleiðing Lissabon markmiðanna, orkumál, DOHA samningalota Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO, félagsmál og umhverfismál, einkum loftslagsbreytingar. Þá hafa samtökin fylgst náið með og beitt sér í umræðu um þjónustutíðskiptun ESB og reglugerð um skráningu, mat og leyfisveitingar efna (REACH). Samtökin vinna mjög ötulllega að því að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við ráðamenn Evrópusambandsins og hefur forseti UNICE meðal annars átt fund með Tony Blair forsætisráðherra á meðan Bretland fór með formennsku og Wolfgang Schüssel kanslara í upphafi formennsku Austurríkis hjá Evrópusambandinu. Dagur samkeppninnar var haldinn í þriðja skiptið í október síðastliðnum í Evrópuþinginu þar sem yfir 1.000 þátttakendur komu saman og ræddu stöðu efnahagslífs og samkeppnishæfni atvinnulífsins í Evrópu undir yfirskriftinni *crossing frontiers*.

## 9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Samningaviðræður UNICE ásamt CEEP og UEAPME annars vegar og ETUC hins vegar um einelti og ofbeldi á vinnustað hófust í Brussel í byrjun árs. Bæði SA og ASÍ taka þátt í þeim viðræðum sem byggja á nýju samkomulagi fyrrgreindra aðila um sameiginleg verkefni á Evrópuvettvangi á tímabilinu 2006–2008. Þar er einnig gert ráð



fyrir samningaviðræðum um símenntunarmál eða um atvinnulífsþátttöku hópa sem eiga undir högg að sækja á vinnumarkaði. Samkvæmt samstarfsáætluninni skulu aðilar auk þess vinna að sameiginlegum úttektum og tilmælum sem snerta efnahags- og atvinnustefnu, áhrif fjölgunar eldra fólks, atvinnuþátttöku ungs fólks og hreyfanleika og flutning fólks milli landa. Þá er það sameiginlegt verkefni aðila að fylgja því eftir að aðildarfélög þeirra sjái til þess að fyrri samningar þeirra um fjarvinnu og vinnutengda streitu verði virkir í aðildarríkjum.

#### Innleiðing Evrópureglna í íslenskan rétt

Viðræður hafa hafist milli SA og ASÍ um innleiðingu ofangreinds Evrópusamnings um fjarvinnu. Viðræður þessara aðila um innleiðingu á efnisreglum tilskipunar ESB um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum með kjarasamningi, sem sagt var frá í síðustu ársskýrslu, báru ekki árangur. Upp úr slitnaði vegna ágreinings um efnisatriði og gildissvið. Frumvarp til laga um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum verður því lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

#### 9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Starfsemi Evrópuskrifstofunnar mótast mjög af því starfi sem fram fer hjá UNICE. Með beinni þátttöku í starfi UNICE gefst SA mikilvægt tækifæri til að taka á óbeinan hátt þátt í að móta löggjöf ESB. Jafnframt fæst með því greiður aðgangur að upplýsingum um það sem efst er á baugi í atvinnulífinu í Evrópu og það sem framundan er. Forstöðumaður skrifstofunnar, sem jafnframt er varafastafulltrúi SA hjá UNICE, sinnir nú starfinu í fullu starfi og sækir stóran hluta þeirra funda sem lögð er áhersla á að sækja af hálfu SA. Að jafnaði eru haldnir fundir fastafulltrúa aðildarsamtaka UNICE á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir helstu mál sem varða starfsemi samtakanna. Fylgst er með þeim málum sem til skoðunar eru í hinum sjö stefnumótunarnefndum UNICE og sóttir fundir þegar á dagskrá eru málefni sem þykja varða atvinnulífið á Íslandi. Það sama gildir um vinnuhópa UNICE sem eru að jafnaði með afmörkuð umfjöllunarefni. Rík áhersla er lögð á að taka þátt í starfi nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála og einnig hefur verið fylgst með starfi nefnda á sviði umhverfismála. Þá eru sóttir fundir nefnda og vinnuhópa sem fylgjast náið með löggjöf sem mun hafa þýðingu fyrir atvinnulífið og verið er að leggja drög að hjá Evrópusambandinu. Má nefna að fyrir áramót fór fram atkvæðagreiðsla í Evr-

óþvinginu um drög að reglugerð um skráningu, mat og leyfisveitingar efna (REACH) og í febrúar um þjónustutillskipunina. Í báðum tilvikum er um að ræða löggjöf sem varðar innri markaðinn og mun því verða tekin upp í EES-samninginn. Skrifstofan fylgist einnig að nokkru leyti með starfsemi fastanefndar Íslands hjá Evrópusambandinu og EFTA skrifstofunnar auk þess sem erindum félagsmanna SA er sinnt.

#### 9.6 ALPJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN, ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ fjallaði samkvæmt venju um framkvæmd alþjóðasambýkta ILO hér á landi og afstöðu til mögulegrar fullgildingar á nýjum og ófullgiltum samþykktum. Aðildarríkin eiga ákvörðun um það hvort þau fullgildi einstakar samþykktir stofnunarinnar. Að kröfu ASÍ var fullgilding samþykktar ILO nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu vinnuveitanda tekin til umræðu í nefndinni. Meginregla samþykktarinnar er að vinnuveitendum er bannað að segja upp fólki nema gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns eða rekstrarlegar ástæður fyrirtækisins séu fyrir uppsögninni. Sönnunarbyrðin hvílir á vinnuveitandanum sem þarf því alltaf að réttlæta uppsögn. Ákvörðun um fullgildinguna þessarar samþykktar yrði jafnframt ákvörðun um grundvallarbreytingu íslensks vinnuréttar. Þar er það meginregla að vinnuveitandi og starfsmaður hafa gagnkvæman uppsagnarrétt að virtum lög- og samningsbundnum uppsagnarfresti. Vinnuveitandinn þarf því almennt ekki að rökstyðja uppsagnir starfsfólks og sýna fram á að fyrir þeim sé gild ástæða, þótt frá því séu undantekningar. Einkenni og styrkur íslensks vinnumarkaðar hefur löngum verið sá að hann er tiltölulega sveigjanlegur og að þröskuldar vegna mannaáðningar eru fáir sem hefur skilað sér í betra atvinnuástandi og meiri möguleikum til hreyfanleika á vinnumarkaði en annars hefði orðið. Þetta vilja SA standa vörð um og mæltu því eindregið gegn fullgildingunni samþykktarinnar. Reynslan hefur sýnt að ósveigjanlegar uppsagnarreglur eins og samþykkt ILO nr. 158 felur í sér standa í vegi nýráðninga og atvinnusköpunar. Samþykktin hefur enda átt erfitt uppdráttar. Aðeins 33 aðildarríki ILO hafa fullgilt hana og þar af einungis 9 af aðildarríkjum EES.

#### Vinnumálapiðing

Árlegt vinnumálapiðing ILO, það 93. í röðinni, var haldið í Genf 31. maí til 16. júní 2005. Þátttak-



endur voru um 4.000. Fastir liðir eru umræða um skýrslu forstjóra og umfjöllun um framkvæmd alþjóðasamþykkt. Önnur málefni á dagskrá þingsins voru meðal annars vinnuvernd, fyrri umræða sem miðaði að samþykkt alþjóðaregla um stefnu í vinnuverndarmálum. Þá var einnig almenn umræða á þinginu um hvernig mætti auka atvinnuönguleika ungs fólks. Sá sögulegi atburður gerðist að drög að alþjóðasamþykkt um málefni fiskimanna voru felld í allsherjar atkvæðagreiðslu í lok þingsins. Þegar niðurstaðan var kunn var með tilvísun til sérstakrar heimildar í stjórnarskrá ILO samþykkt tillaga launþegahópsins um að þriðja umræða um samþykktina fari fram árið 2007 og að reynt verði að komast að niðurstöðu um texta sem hlotið getur tilskilinn stuðning.

### Farmannaping

Farmannaping ILO var haldið í Genf dagana 6. til 23. febrúar. Samtals tóku 1.135 fulltrúar frá 106 af 178 aðildarríkjum ILO þátt í störfum þingsins, sem lauk með því að ný alþjóðasamþykkt var afgreidd um vinnuskilyrði skipverja á kaupskipum. Samþykktin verður ein fjögurra grundvallarsamþykkt um málefni á sviði siglinga. Hinar þrjár eru samþykktir Alþjóðasiglingastofnunarinnar (IMO) um menntun, þjálfun, vaktstöðu og skirteini farmanna (STCW), öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og um varnir gegn mengun sjávar (MARPOL). Með samþykktinni fer Alþjóðavinnuálastofnunin inn á nýjar brautir við að setja fram alþjóðlegar reglur á sviði vinnuréttar. Í fyrsta skipti er að finna í sömu samþykktinni skuldbindandi ákvæði auk reglna sem eru leiðbeinandi fyrir aðildarríki. Samþykktinni er ætlað að leysa af hólmi 68 alþjóðasamþykktir um málefni skipverja sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnuálagningum. Sú elsta er frá árinu 1920. Þótt Alþjóðavinnuálagningið hafi afgreitt samþykktina einróma gengur hún ekki í gildi fyrr en 30 aðildarríki, sem samanlagt hafa 33 af hundraði skipaflota heims miðað við brúttótonnatölu, hafa fullgilt hana.

### 9.7 IOE, ALÞJÓÐASAMTÖK VINNUVEITENDA

SA eiga aðild að IOE sem starfa á vettvangi ILO. Samtökin vinna að því að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri gagnvart ILO og samhæfa starf vinnuveitenda á þeim vettvangi. Á árinu hafa samtökin beitt sér í umræðunni um hlutverk atvinnulífsins í þjóðfélaginu og félagslega ábyrgð fyrirtækja. Þau hafa einnig gefið út bæklinga um þessi málefni.

### 9.8 FASTANEFND NORRÆNU ATVINNU-REKENDASAMTAKANNA

Fundur var haldinn í fastanefnd forystumanna í heildarsamtökum norræna atvinnurekenda í byrjun september í Svíþjóð. Sænsku atvinnurekendasamtökin stóðu fyrir fundinum sem fram fór í höfuðstöðvum þeirra. Samtök vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið sameinuð í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð en ekki á Íslandi og í Danmörku. Þessi samtök hafa hins vegar fundað sameiginlega síðustu ár. Á fundinum fór aðalhafnfræðingur Swedbank yfir efnahagsþróun á Norðurlöndum í alþjóðlegu samhengi. Þá var fjallað um hnattvæðingu og alþjóðlega samkeppni og meðal annars kynnt sameiginleg skýrsla samtakanna, *The Nordic Recipe for Global Success* (sjá umfjöllun um prentútgáfu í 11. kafla).

### 9.9 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Ósló í lok ágúst 2005. Til umfjöllunar var meðal annars reynsla Norðurlandanna af stækkun ESB til austurs á vinnumarkaði. Kynnt var skýrsla norsku FAFO stofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að reynslan í Svíþjóð, sem eitt Norðurlanda lögleiddi ekki neinar tímabundnar takmarkanir á frjálsri för frá þessum ríkjum, hefði verið jákvæð og engin neikvæð áhrif hefðu komið fram vegna aðflutnings fólks frá þessum ríkjum. Mest aðstreymi starfsfólks frá Austur-Evrópu var til Noregs og kom það til móts við mikla eftirspurn eftir starfsfólki þar. Ein meginniðurstaða skýrslunnar var sú að flutningur fólks á milli landa væri einkum knúinn af eftirspurn eftir starfsfólki en engar vísbendingar væru um að fólk frá þessum ríkjum flyttist til Norðurlanda til þess að komast á bætur frá hinu opinbera. Framlag Íslands á fundinum var umfjöllun um þær áskoranir sem lífeyriskerfi Íslendinga stendur frammi fyrir vegna aukinnar ævilengdar og örorkubyrði. Svíar fjölluðu um rannsóknir á launamun kynja en rannsóknir á vegum sænsku samtaka atvinnulífsins hafa leitt í ljós að enginn kynbundinn launamunur er þar í landi. Danir fjölluðu um nýstofnaðan fæðingarorlofsþjóð þar í landi sem samið var um í kjarasamningum. Finnar fjölluðu um áhrif afkastahvetjandi launa í Finnlandi á framleiðni starfsfólks ásamt hugmyndum um að taka upp afslátt á launatengdum gjöldum hjá vinnuveitendum sem hafa láglaunafólk í vinnu, en fyrirmyndir um slíkt fyrirkomulag er að finna í Frakklandi og Hollandi.







### 9.10 LÖGFRÆÐINGAMÓTIÐ NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var haldið í Stykkishólmi í lok ágúst. Aðalefni fundarins var veiting þjónustu og störf útsendra starfsmanna eftir stækkun ESB/EES. Hver samtök skiluðu samkvæmt venju ítarlegri skýrslu um réttarstöðuna í sínu landi. Vandamálin reyndust alls staðar vera svipuð þótt réttarstaða og framkvæmd væri mismunandi. Ísland er eina landið sem er með fortakslausa lagareglu um að kjarasamningar ákveði lágmarkslauna á svæði því sem samningurinn nær til. Auk þess var á fundinum fjallað um breytingar á löggjöf og dómaframkvæmd. Sú umfjöllun gaf sem fyrr gott yfirlit yfir þróun norræns vinnuréttar.

### 9.11 FUNDUR UMHVERFISDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í maí og sóttu hann fulltrúi SA auk fulltrúa Samtaka iðnaðarins. Helstu mál sem fjallað var um voru ný efnalöggjöf Evrópusambandsins, úrgangsmál, sjálfbær þróun, rannsóknir og loftslagsmál. Horfur eru á því að ný og gríðarlega umfangsmikil tilskipun ESB um efni og efnavörur (REACH) verði samþykkt á árinu 2007 en hún hefur verið á hægri siglingu í gegnum kerfið síðustu ár og mun hafa mikil áhrif á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Gerð verður krafa um skráningu og mat á áhættu við notkun fjölmargra efna og efnasambanda og sett verður upp ný efnavörustofnun í Helsinki. Einnig er verið að undirbúa hjá ESB viðamiklar breytingar á rammatilskipun sambandsins um úrgang. Auk þess var rætt um

hvernig samtökin rækta samband sitt við aðildarfyrtæki og hvernig upplýsingum er komið á framfæri.

### 9.12 ÁRSFUNDUR VINNUMHVERFISDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn 2005 var haldinn í Reykjavík 1.–2. september 2005. Fundinn sóttu níu fulltrúar auk þriggja fulltrúa SA. Á fundinum var meðal annars til umræðu fjarvist frá vinnu vegna veikinda og hvernig staðið er að greiðslu launa í veikindum. Rætt var um hvernig draga má úr veikindafjarvistum en í Noregi hefur náðst nokkur árangur í þeim efnum. Rætt var um tryggingargjald launa, örorkubætur í löndunum og eftirlaun. Þá var rætt um aukna áherslu á endurhæfingu til starfa og hvernig unnt er að hvetja fólk sem af einhverjum ástæðum hefur horfið af vinnumarkaði um tíma, til að leita aftur inn á hann.

### 9.13 AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu atvinnurekendasamtakanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association*. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótageiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið starfar í Lúxemborg og réttur til félagsaðildar er bundinn við hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Vinnudeilusjóður SA (VDS) greiðir árgjald til NEMIA sem nam rúmlega 3,3 m.kr. í fyrra, en árið 2001 greiddi NEMIA um 30 m.kr. af þeim 211 m.kr. sem VDS greiddi vegna sjómannaverkfalls.



# MENNTAMÁL

Samtök atvinnulífsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi á sviði mennta- og fræðslumála. Helstu samstarfsaðilar samtakanna eru aðildarsamtök SA, samtök launafólks og opinberir aðilar. Samtök atvinnulífsins hafa mótað sér almenna stefnu á þessu sviði og vinna að framgangi hennar með öðrum. Menntahópur SA er skipaður starfsfólki SA, fulltrúum aðildarfélaga og áhugafólki úr atvinnulífinu. Menntahópurinn hélt tvo fundi á starfsárinu 2004–2005.

## 10.1 FRÆÐSLUSJÓÐIR

Frá árinu 2000 hafa Samtök atvinnulífsins starfrækt fræðslusjóði í samstarfi við helstu viðsejendur sína, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Sjóðirnir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu; Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu; og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landsambandi íslenskra verzlunarmanna. Árið 2002 bættist við Sjómennt, með Sjómannasambandi Íslands.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hefur frá upphafi verið fjármagnaður með 0,15% af heildarlaunum starfsmanna frá fyrirtækjum og þriðjungi af greiddu framlagi fyrirtækja frá stéttarfélögum. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu – að uppfylltum ákveðnum skilyrðum – og fengið gjaldið lækkað í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna. Skilyrðin eru einkum þau að fyrirtækin starfræki virka endurmenntunarstefnu og að kostnaður vegna menntastefnu þeirra sé meiri en 0,15% af heildarlaunum starfsmanna, sbr. 12. grein samþykktá sjóðsins. Þegar þetta er ritað liggja ekki fyrir tölur um styrki sjóðsins árið 2005, en árið 2004 voru greiddir rúmlega 4.400 styrkir úr sjóðnum til einstaklinga að upphæð alls 87 m.kr. Styrkir til fyrirtækja og félaga námu um 6,5 m.kr.

Hinir sjóðirnir þrír hafa lengst af að mestu leyti verið fjármagnaðir af Atvinnuleysistryggingasjóði og þar með með tryggingargjaldi, ásamt með framlagi stéttarfélaga. Sjóðirnir munu áfram fá fjárveitingu úr Atvinnuleysistryggingasjóði út árið 2007 en í tengslum við gerð kjarasamninga í mars 2004 var gert samkomulag um að Starfsafl og Landsmennt fengju hvor um sig 190 milljón krónur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til ársloka 2007, auk 30 m.kr. byggðaalags til Landsmenntar. Atvinnurekendur munu síðan í áföngum taka yfir beina fjármögnun sjóðanna á seinni hluta samningstímans og greiða af launum sem hér segir:

frá 1. janúar 2006	0,05%
frá 1. janúar 2007 samtals	0,15%

Á árinu 2005 námu styrkveitingar Starfsafls alls 31,9 m.kr. Þar af fóru 22,8 m.kr. í styrki til alls 953 einstaklinga en 9,1 m.kr. í alls 46 verkefni á vegum fyrirtækja. Úr Landsmennt voru á árinu greiddir út styrkir til 1.683 einstaklinga að heildarupphæð 35,5 m.kr. Þá greiddi sjóðurinn 10,8 m.kr. í alls 50 verkefni á vegum fyrirtækja.

Loks varð að samkomulagi í október 2004 að til ársloka 2007 yrðu greiddar alls 45 milljón krónur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til Sjómenntar. Á árinu 2005 greiddi sjóðurinn alls 3,3 m.kr. í styrki til 106 einstaklinga og alls 590 þús. kr. vegna tveggja fræðsluverkefna innan fyrirtækja.

## 10.2 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA, sem stofnuð var í desember 2002. FA er fyrst og fremst ætlað að sinna þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendum og öðru fólki í sambærilegri stöðu. Á Íslandi er þessi hópur mjög stór eða hátt í 40% fullorðins fólks á vinnumarkaði. FA voru í upphafi einkum ætluð þau hlutverk að skilgreina menntunarfærir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á lengra og styttra gæðavottuðu námi fyrir markhópin, námi sem fæst metið til eininga innan hins formlega skólakerfis. Mikilvægt hlutverk var einnig frá upphafi að aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við að meta óformlegt nám og þá færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, meðal annars á vinnumarkaði.

Í janúar var undirritaður nýr þjónustusamningur SA, ASÍ og menntamálaráðuneytisins um rekstur FA. Auk endurnýjunar á fyrri samningi um FA er nýr samningur gerður á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 sem gefin var út í tengslum við niðurstöðu um áframhaldandi gildi kjarasamninga (sjá 3. kafla um kjara- og samningamál). Í yfirlýsingunni er meðal annars fjallað um sérstakt átak til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga sem litla menntun hafa, jafnframt því að bæta stöðu erlends starfsfólks í íslensku samfélagi. FA er með samningnum meðal annars falið að útbúa náms efni og þjálfá leiðbeinendur í íslenskukennslu fyrir útlendinga; taka þátt í greiðslu kostnaðar af





námskeiðahaldi og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám sem FA hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest; að halda áfram vinnu við þróun mats á raunfærni einstaklinga sem vilja bæta við sig menntun; og að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa. Umsaminn kostnaður vegna þessa nemur 100 m.kr. á árinu 2006 sem er viðbót við 66 m.kr. sem fyrir voru ætlaðar FA á fjárlögum samkvæmt fyrri þjónustusamningi. Samninginn undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Þorgeir Baldursson varaformaður SA og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ.

### 10.3 MENNT

Meðal helstu verkefna Menntar, samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla, má nefna Evrópuverkefnið á borð við aðstoð við umsækjendur um styrki úr Leonardó starfsmenntaáætlun ESB, Viku símenntunar, Starfsmenntaverðlaunin sem fjallað er um hér á eftir, þjónustu við þrjú starfsgreinaráð og umsjón með UT ráðstefnunni sem að þessu sinni var haldin í Fjölbrautarskóla Snæfellinga í Grundarfirði þann 3. mars.

### 10.4 STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum frá 1992 um starfsmenntun í atvinnulífni. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það meðal annars styrkjum til starfsmenntunar. Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í Starfsmenntaráð. Samtök atvinnurekenda tilnefna þrjú menn og samtök launafólks aðra þrjú. Ráðherra skipar síðan einn án tilnefningar. Undanfarið ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs árlega fengið um 60 milljónir króna úr atvinnuleysistryggingasjóði til úthlutunar. Nokkur síðastliðin ár hefur ráðið lagt áherslu á tiltekin þemu við úthlutunir á styrkjum en ákveðið var að hverfa frá því fyrirkomulagi í ár. Þegar þetta er ritað er unnið að afgreiðslu ráðsins en alls bærust 84 umsóknir um styrki í reglubundna úthlutun ráðsins. Þá hafa tilteknar fjárhæðir verið eyrnamerkar rannsókn- um á sviði starfsmenntunar og til að markaðssetja og kynna verkefni sem tengjast starfsmenntun.

### 10.5 STARFSMENNTAVERÐLAUNIN 2005

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaunin eru veitt þeim sem þykja hafa unnið framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi. Starfsmenntaverðlaunin árið 2005 voru afhent 4. nóvember, en þau hlutu að þessu sinni Landsvirkjun, stéttarfélagið Efling og Ingibjörg Hafstað. Landsvirkjun fékk verðlaunin fyrir uppbyggingu á fræðslustarfi fyrirtækisins, Efling fyrir metnaðarfullar lausnir til að svara menntunarþörf félagsmanna sinna og veita öllum tækifæri til náms, og Ingibjörg Hafstað fyrir frumkvöðla- starf – uppbyggingu á starfstengdu íslenskunámi fyrir útlendinga. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin.

### 10.6 STARFSGREINARÁÐ

Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í 11 starfsgreinaráð. Starfsgreinaráðum er samkvæmt lögum ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og að setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á námi og námsskipan og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum sem undir ráðin heyra. Með starfi starfsgreinaráða er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs og til að auðvelda aðilum á vinnumarkaði að taka formlega þátt í ákvörðunum um þróun og fræðsluskipan.

### 10.7 FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

#### Starfsmenntaráð

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI  
Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.  
Varam: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF  
Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

#### Mennt

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
Varam: Ingi Bogi Bogason, SI  
Aðalm: Jónína Gissurardóttir, SA  
Varam: Emil B. Karlsson, SVP



**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA  
 Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP  
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

**Verkefnisstjórn um símenntun**

Jónína Gissurardóttir, SA

**Dómnefnd starfsmenntaverðlauna**

Hörður Vilberg, SA

**Nefnd um eflingu starfsnáms**

Emil B. Karlsson, SVP

**Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar**

Ágúst H. Eliasson, SF  
 Svavar Svavarsson, HB Grandi hf.

**Stjórn Háskólans í Reykjavík**

Aðalm: Sjöfn Sigurgísladóttir, Rannsóknastofnun  
 fiskiðnaðarins  
 Varam: Eggert B. Guðmunds., HB Grandi hf.

**Samstarfsnefnd um starfsnám á framhalds-  
skólastigi**

Aðalm: Steinar Davíðsson, Viðeyjarstofa  
 Aðalm: Guðfinnur Johnsen LÍÚ  
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Aðalm: Jón Trausti Harðarson, Oddi hf.  
 Aðalm: Jón Björnsson, Hagar hf.  
 Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP  
 Varam: Erna Hauksdóttir, SAF  
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF  
 Varam: Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam: Haraldur Dean Nelson, SI  
 Varam: Anna K. Halldórsd., Samskip hf.  
 Varam: Ólafur Finnbogas., Íslandspóstur hf.

**Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis**

SA skipar 23 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 11 starfsgreinaráð

Björgun, öryggisvarsla og löggæsla  
 Byggingar- og mannvirkjagerð  
 Farartækja- og flutningsgreinar  
 Fjármála- og verslunargreinar  
 Hönnunar- og handverksgreinar  
 Matvæla- og veitingagreinar  
 Mál-, véltækni- og framleiðslugreinar  
 Náttúrunýting  
 Sjávarútvegs- og siglingagreinar  
 Snýrtigreinar  
 Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

**Viðskiptaháskólinn á Bifröst – háskólastjórn**

Aðalm: Guðjón Rúnarsson, SBV  
 Aðalm: Finnur Árnason, Hagkaup hf  
 Varam: Atli Atlason, Búnaðarbanki hf.  
 Varam: Júlíus Jónsson., HitaveitaSuðurnesjahf.

**Stjórn verkstjórnarnámskeiða**

Ingólfur Sverrisson, SI  
 Ragnar Árnason, SA

**Starfshópur vegna starfsnáms á  
vinnustað**

Ingi Bogi Bogason, SI  
 Emil B. Karlsson, SVP

**Starfsmenntasjóður verslunarmanna**

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.  
 Aðalm: Sigurður Jónsson, SVP  
 Aðalm: Anna María Jónsd., Hagkaup hf.  
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

**Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)**

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF  
 Aðalm: Halldór Frímannsson, VÍS hf.  
 Aðalm: Gissur Péturs., Vinnumálastofnun  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

**Sjómennt – Starfsmenntasjóður**

(tilnefndir af SA og LÍÚ)  
 Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ  
 Sveinn Hjörtur Hjartarson, LÍÚ

**Starfsafl – Starfsmenntasjóður Flóa**

Aðalm: Einar Marinósson, OLÍS hf.  
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Aðalm: Gissur Péturs., Vinnumálastofnun  
 Varam: Ragnar Árnason, SA  
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

**Fagráð verslunar og þjónustugreina**

Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP  
 Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.  
 Varam: Sigurður Jónsson, SVP  
 Varam: Anna Margrét Jónsd., Hagkaup hf.

**Stjórn landsskrifstofu Leonardó II – áætlunar  
Evrópusambandsins um verknám, starfs-  
þjálfun og símenntun**

Aðalm: Jónína Gissurardóttir, SA  
 Varam: Gústaf Adolf Skúlason, SA



# ÚTGÁFA OG KYNNING



## 11.1 VEFUR SA

Vefur SA, [www.sa.is](http://www.sa.is), gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls á fimmta þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir aðila atvinnulífsins. Má þar nefna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, umhverfismál, samkeppnismál og ýmsar fréttir sem tengjast atvinnulífinu. Haustið 2005 tók vefur SA nokkrum breytingum. Einkum voru gerðar breytingar á útliti vefsins, þótt byggt væri á gömlum grunni, en einnig má nefna möguleikana á að stækka og minnka letur (valstika ofarlega til vinstri) og möguleikann á að nálgast eldri fréttir eftir málefnum.

## Vinumarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef Samtaka atvinnulífsins er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar á starfsfólki og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er opin allum félagsmönnum SA. Leiðin inn á hann er í gegnum kjaramálasíðu á vef SA (bein leið er [www.sa.is/vinumarkadsvefur/](http://www.sa.is/vinumarkadsvefur/)). Þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr tiltekinni vinnustöð þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélögum við opnun vefsins í nóvember 2001 og hafa jafnframt verið send til allra nýrra félagsmanna frá þeim tíma.

## 11.2 AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef samtakanna með einum músarsmelli. Þannig þjónar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út fyrsta fimmtudag hvers mánaðar (nema í ágúst, vegna sumarleyfa). Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig má nálgast það á vef SA.



## Kannanir SA meðal aðildarfyrirtækja

Undanfarin ár hafa Samtök atvinnulífsins gert rafrænar kannanir meðal aðildarfyrirtækja sinna og hafa niðurstöður verið birtar í fréttabréfinu *Af*

*vettvangi*. Þannig hafa SA kannað reglulega væntingar fyrirtækja um afkomu og áform þeirra um fjárfestingar og ráðningar eða uppsagnir á starfsfólki. Samhliða þessu eða þess á milli hafa önnur tilfallandi mál verið könnuð. Frá og með miðju ári 2005 létu SA af gerð þessara kannana meðal aðildarfyrirtækja eftir að samkomulag náðist um að SA gengju til samstarfs við fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands um gerð kannana meðal fyrirtækja á horfum í rekstri og efnahagsmálum. IMG Gallup sér um framkvæmd kannananna og aðstandendur þeirra hafa með sér samstarf um kynningu á niðurstöðum.

## 11.3 PRENTÚTGÁFA

### Valkostir í umhverfivottun á Íslandi

*Hreinn ávinningur: Hvaða valkostir eru í boði í umhverfivottun á Íslandi?* er heitið á kynningarriti þar sem er að finna yfirlit yfir þær umhverfivottanir sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að og byggja á óháðri úttekt þriðja aðila. Ýmist er um að ræða vottun á vöru, þjónustu eða stjórnun en yfirlitt eru þó ekki skörp skil þar á milli. Ritnið var gefið út í tengslum við ráðstefnuna, Hreinn ávinningur – Hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja? Útgefendur eru SA, Umhverfisfræðsluráð, ASÍ og SI.

### Uppskrift að velgengni Norðurlanda á heimsvísu

Samtök atvinnurekenda á Norðurlöndum bjuggu árið 2005 til sameiginlega uppskrift að því hvernig Norðurlöndin geti tryggt áframhaldandi velgengni sína á heimsvísu. Uppskriftin er birt í skýrslunni *The Nordic recipe for global success*. Skýrslan fjallar um það hvernig Norðurlöndin geti brugðist við sífellt harðnandi alþjóðlegri samkeppni og í henni kemur fram að Norðurlandabjórinnar verði að sækja í sig veðrið, með því að bæta starfs-umhverfi atvinnulífsins og efla menntun fólks enn frekar, ef takast eigi að tryggja velferð þjóðanna til framtíðar.

### Stjórnarhættir fyrirtækja, önnur útgáfa

SA, Viðskiptaráð Íslands og Kauphöll Íslands gáfu í janúar út endurskoðaðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem fyrst komu út árið 2004. Mikil og góð reynsla var af leiðbeiningunum og var því ákveðið að gefa út nýjar og uppfærðar leiðbeiningar til að svara kalli atvinnulífsins. Það er vænleg leið til árangurs að atvinnulífið sjálft sýni frumkvæði og taki upp starfsreglur sem styrkja innviði fyrirtækja og auka traust milli almennings og fyrirtækja.

### Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu

Samtök atvinnulífsins gáfu í apríl út skýrslu um íslenska lífeyrissjóðakerfið en það er á miklu umbreytingaskeiði. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga á næstu áratugum og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Líkur eru á að smám saman verði hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi þegar kemur að greiðslu lífeyris í stað hins opinbera. *Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu* varpar skýru ljósi á þær áskoranir sem íslenska lífeyrissjóðakerfið stendur frammi fyrir en þróun í átt til færri lífeyrissjóða er hröð og er hugsanlegt að aðeins fjórir til fimm sjóðir muni standa eftir á almenn- vinnumarkaði. Þegar svo verður komið mun skylduaðild að tilteknum sjóði skipta litlu máli, en meginmálið verður skylduaðild að lífeyriskerfinu.

### Útgefnir kjarasamningar

Samtök atvinnulífsins gefa út í bókarformi þá kjarasamninga SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki og senda þá til aðildarfyrirtækja þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnramt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA sem opinn er félagsmönnum. Fjöldi samninga var gefinn út á næstliðnu starfsári en á síðastliðnu starfsári var einungis gefinn út einn samningur, samningur fyrir árin 2004–2008 milli SA og Sambands íslenskra bankamanna. Þá var að vanda gefin út kaupgaldsskrá SA.

### 11.4 OPNIR FUNDIR

#### Ráðstefna um Basel II og áhrif á fyrirtækin

Miðvikudaginn 25. maí stóðu Samband íslenskra sparissjóða, í samstarfi við SA, fyrir ráðstefnu á Grand Hótel Reykjavík um nýjar eiginfjárreglur lánastofnana sem munu hafa mikil áhrif á samskipti lánastofnana við lítil og meðalstór fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmið ráðstefnunnar var að búa stjórnendur íslenskra fyrirtækja undir þann veruleika sem skapast með gildistöku tilskipunarinnar árið 2006. Ráðstefnan var fjármögnuð af framkvæmdastjórn ESB.

#### Hreinn ávinningur – hvernig græða fyrirtæki á umhverfisstarfi?

Þannig hljóðaði yfirskrift ráðstefnu sem haldin var á Grand Hótel miðvikudaginn 28. september. Þar fjölluðu meðal annars fulltrúar fjölda fyrirtækja um umhverfisstjórnun, þýðingu umhverfisstarfs fyrir ímynd fyrirtækja, menningu og samkeppnishæfni og um fjárhagslegan ávinning fyrirtækja af umhverfisstarfi. Að ráðstefnunni stóðu SA, SI,

Umhverfisfræðsluráð og ASÍ. Nánar er fjallað um fundinn í 7. kafla um umhverfismál.

#### Opinn fundur um áhættugreiningu og áhættumat


Fjöldmenni var á opnum kynningarfundum SA um áhættugreiningu og áhættumat þann 26. október en fundurinn bar yfirskriftina: *Er allt á hreinu í þínu fyrirtæki?* Nánar er fjallað um fundinn í 7. kafla um umhverfismál.

#### Karlar um borð – karlaráðstefna um jafnréttismál

Ráðstefna SA, félagsmálaráðuneytis, Íslandsbanka, Morgunblaðsins, VR og Viðskiptaháskólans á Bifröst var haldin 1. desember. Nánar er fjallað um ráðstefnuna í 5. kafla um jafnréttismál.

#### Skattadagur Deloitte, SA, Viðskiptaráðs og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins

Skattadagurinn var haldinn 12. janúar í samstarfi ofangreindra aðila. Ingimundur Sigurpálsson formaður SA ávarpaði fundinn. Sagði hann meðal annars að breytinga væri þörf í íslensku skattkerfi. Íslensk stjórnvöld hefðu sýnt framsýni með því að stuðla að bættu skattaumhverfi á Íslandi en gera þyrfti betur. Svo virtist sem samkvæmni skorti milli stefnumörkunar stjórnvalda og eftirfylgni þeirra stofnana sem færu með framkvæmd skattamála. Hömlur væru á fjárfestingu og arðgreiðslum milli landa og Ísland hefði setið eftir við gerð tvísköttunarsamninga.





### Orkulindin Ísland

Á fjórða hundrað manns sótti *Orkulindina Ísland*, ráðstefnu um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi sem haldin var á Hótel Nordica 27. janúar. Fjallað var um efnahagsmál, niðurstöður nýrrar Gallup-könnunar, umhverfismál, samfélagsleg áhrif virkjana og álvera á nærsvæðum, sviptivinda í umræðunni fyrr og nú, hátæknistörf, þekkingariðnað, útflutning þekkingar og umhverfi starfsfólks. Ráðstefnan var haldin í samstarfi SA, Samorku og SI og erindi fluttu þau Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands, Þóra Ásgeirsdóttir forstöðumaður viðhorfsrannsókna hjá IMG Gallup, Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Smári Geirsson forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, Guðmundur Páll Jónsson bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, Hallur Hallsson sagnaritari, Ágúst Valfells lektor við Háskólann í Reykjavík, Gunnar Tryggvason fjármálastjóri Enex og Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands. Þátttakendur í pallborðsumræðum voru þau Björgólfur Thorsteinsson formaður Landverndar, Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar, Guðmundur Þóroddsson forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, Ragnar Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Norðuráli, Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi og Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa Fjarðaáls. Ráðstefnustjóri var Ari Edwald, þáverandi framkvæmdastjóri SA.

### Fundaröð SA með framhaldsskólanemum

*Ætlar þú að vinna úti?* Var yfirskriftin á fundaröð SA með útskriftarnemum framhaldsskóla í ársbyrjun 2006. Fulltrúar SA sóttu heim fimm skóla og ræddu við alls um 400 nemendur um framtíð lands og þjóðar og hvaða leiðir þau ætluðu sér að fara í framtíðinni, hvaða menntun þau hygðust sækja sér, við hvað þau vildu helst starfa, hvar þau vildu helst búa, og hvernig Ísland gæti nýtt sér þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að sækja fram á tímum aukinnar alþjóðlegrar samkeppni. Það sem upp úr stendur eftir heimsóknir SA er jákvætt viðhorf nemendanna til framtíðarinnar og þeirra

áskorana sem Ísland stendur frammi fyrir. Skólarinn sem SA heimsóttu voru Verkmenntaskólinn á Akureyri, Iðnskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Verzlunarskóli Íslands.

Auk framangreindra funda tóku Samtök atvinnulífsins þátt í fjölda funda og ráðstefna, meðal annars til að sinna fundarstjórn, flytja erindi og taka þátt í pallborðsumræðum. Þá styrktu samtökin ýmiss konar fundahald og kynningarátök á starfsárinu, þar á meðal ráðstefnu Öldrunarráðs Íslands um sveigjanleg starfslok sem haldin var í Salnum í Kópavogi 9. febrúar.

### 11.5 RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *RSE, Rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál.* RSE er sjálfstæð og óháð sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að auka skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta og eignarréttinda fyrir lýðræðislegt og framsækið samfélag.
- *Evrópufræðasetur við Viðskiptaháskólann á Bifröst,* vettvangur fyrir rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál, þar sem sérstök áhersla er lögð á málefni sem snerta atvinnulífið.
- *Þróunarverkefni um mat á stöðu jafnréttis í fyrirtækjum.* Samstarfsverkefni nokkurra aðila sem unnið verður af Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Sjá nánar í 5. kafla um jafnréttismál.
- *Global Entrepreneurship Monitor.* Fjölbjóðlegt rannsóknarsamstarf sem gerir kleift að bera saman frumkvöðlastarf hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Tilraunaverkefni um rafrænt samfélag,* fjölbjóðlegt verkefni sem Staðlaráð Íslands hefur unnið í samstarfi við stjórnvöld og atvinnulíf.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.* Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsókna sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Hið gullna jafnvægi.* Sjá nánar í 5. kafla árskýrslunnar um jafnréttismál.
- *Kvennaslóðir.* Vefur sem hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins, starfræktur af Háskóla Íslands og Jafnréttistofu.
- *Íslensku gæðaverðlaunin,* sem Stjórnvísir veitir.



# REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

## 12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Hótel Nordica þriðjudaginn 3. maí 2005. Ingimundur Sigurpálsson formaður samtakanna setti fundinn kl. 14:00 og var Gunnar Felixson kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefndi Álfheiði M. Sívertsen sem fundarritara.

### Venjuleg aðalfundarstörf

Ingimundur Sigurpálsson formaður flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og fór yfir áherslur í starfi samtakanna á starfsárinu. Ari Edwald framkvæmdastjóri SA kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá kynnti Páll Sigurjónsson fulltrúi kjörstjórnar fundinum niðurstöðu úr beinni póstkosningu formanns SA, en Ingimundur Sigurpálsson hafði gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku. Ingimundur hlaut 99,4% greiddra atkvæða og var því réttkjörinn formaður SA starfsárið 2005 til 2006. Kosningabátttaka var 55,3%. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörnefnd sem skipuð var þeim Einari Benediktssyni, Helga Magnússyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2005–2006, sem og tillaga fundarstjóra um Stefán Bergsson hjá PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2005–2006. Loks voru samþykktar breytingar á samþykktum samtakanna. Þannig var iðgjald til vinnudeilusjóðs samtakanna lækkað úr 0,04% í 0,02% af iðgjaldsstofni næstliðins árs. Enn fremur var samþykkt að veita stigvaxandi afslátt af árgjöldum til samtakanna umfram eina milljón króna.

### Opin dagskrá – „Áfram í úrvalsdeild?“

*Áfram í úrvalsdeild?* var yfirskriftin á opinni dagskrá aðalfundar sem hófst kl. 15:00 með ræðu nýkjörins formanns SA, Ingimundar Sigurpálssonar. Í ræðu sinni fjallaði Ingimundur um þann mikla árangur sem náðst hefði í íslensku atvinnulífi undanfarin ár og þær jákvæðu breytingar sem orðið hefðu á starfsumhverfi fyrirtækja, meðal annars með auknu frjálsræði og lækkun skatta. Sagði hann íslenskt atvinnulíf hafa færst inn í nútímann á býsna skömmum tíma og að þjóðin öll hefði notið góðs af enda hefði hagvöxtur og kaupmáttur aukist verulega. Ingimundur lagði á það áherslu að umbætur á starfsumhverfi atvinnulífsins væru ekki gerðar af greiðasemi við fyrirtæki eða eigendur þeirra, heldur vegna þess að bættur hagur fyrirtækja skilaði sér í bættem hag landsmanna. Hagsmunir atvinnulífsins væru því almannahagsmunir. Gjöld og álögur á fyrirtæki væru á endanum borin af neytendum. Þá fjallaði Ingimundur um þróun verðlags og mikilvægi þess að auka aðhald í opinberum fjármálum, ekki síst hjá sveitarfélögum, til þess að draga úr vægi vaxtahækkana við efnahagsstjórna. Sagði hann takmarkaðar hagstjórnaraðgerðir með megináherslu á hækkun vaxta hafa leitt til þess að gengi krónunnar hækkaði langt umfram það sem samræmst geti langtímafjárnvægi í þjóðarbúskapnum. Því væri afkomu atvinnugreina í alþjóðlegri samkeppni stefnt í hættu og mörg fyrirtæki hefðu dregið saman seglin, flutt starfsemi úr landi eða hætt starfsemi af þessum sökum. Enn fremur fjallaði Ingimundur um stöðu lífeyrissjóðanna og aukin framlög atvinnurekenda,







um mikilvægi samkeppnishæfs skattaumhverfis, mikilvægi einföldunar á leið erlends starfsfólks á íslenskan vinnumarkað, kosti einkarekstrar, meðal annars í framkvæmd almannajónustu, mikilvægi öflugs framboðs á viðurkenndum námsleiðum fyrir ófaglærða, eflingu nýsköpunar og fleira.

Þá ávarpaði fundinn Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Fagnaði hann meðal annars nýju riti SA, *Áherslum atvinnulífsins*. Sagðist hann geta tekið undir margt sem þar kæmi fram og sagði að þessi skýra framsetning á stefnumörkun SA myndi gagnast stjórnvöldum í þeirri vinnu sem framundan væri. Halldór sagði efnahagslegan stöðugleika vera algjört grundvallaratriði fyrir áframhaldandi velmegun í landinu en lagði jafnframt áherslu á mikilvægi þess að huga að frekari erlendra fjárfestingum hér á landi til að halda uppi hagvexti og auka útflutningstekjur. Sagði hann mikinn áhuga vera meðal erlendra aðila fyrir frekari uppbyggingu stóriðju í landinu og að þau mál væru til alvarlegrar skoðunar. Þá tók hann undir það meginþingmið að halda bæri áfram að laga skattaumhverfið með það í huga að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins og bæta lífskjör almennings. Sagði hann að gjöld á borð við stimpilgjöld og ýmis vörugjöld væru í reynd leifar frá fyrri tímum en tók einnig fram að efnahagslegt svigrúm til að lækka skatta væri takmarkað. Þá fjallaði Halldór um skýrslu SA um eftirlit með atvinnustarfsemi frá aðalfundi samtakanna árið 2004 og sagði tillögur SA vera í veigamestum atriðum í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Sagðist Halldór taka heils hugar undir mikilvægi þess að samræma veitingu skyldra leyfa, að færa hana á færri hendur og að koma í veg fyrir að eftirlit sé ólíkt á milli eftirlitsumdæma. Áfram bæri að vinna í þeim anda að færa eftirlit til faggiltra skoðunarstofa. Loks fjallaði Halldór um stöðu lífeyrkerfisins, átök um yfirráð í fyrirtækjum, skort á trausti í samfélaginu og um nauðsyn þess að efla verulega þátt vísinda og rannsókna í landinu.

Að loknu ávarpi forsætisráðherra stýrði Páll Magnússon, þáverandi fréttastjóri Stöðvar 2, umræðum um áherslur atvinnulífsins og framtíðarsýnina. Þátttakendur í umræðunum voru þau Ármann Þorvaldsson framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar KB banka, Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs Group, Katrín Pétursdóttir forstjóri Lýsis hf., Ragnhildur Geirsdóttir þáverandi forstjóri FL Group og Svafa Grönfeldt þáverandi framkvæmdastjóri stjórnunarviðs Actavis Group. Þátttakendur voru sammála um að íslenskt atvinnulíf hefði náð góðum árangri að undanförunu, að starfsskilyrðin hefðu verið bætt

að mörgu leyti og að fyrirtækin hefðu nýtt sér aukið svigrúm til athafna. Flestir þátttakendur lögðu jafnframt mikla áherslu á mikilvægi þess fyrir framtíðina að hlúa vel að menntakerfinu og að öflugu umhverfi til nýsköpunar. Yfirskrift fundarins var sem fyrr segir *Áfram í úrvalsdeild?* og snerist umræðan talsvert um aukin umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis. Aðspurð sagði Svafa þetta ekki vera spurning um að vera í úrvalsdeild eða einhverri annarri deild heldur að gera eitthvað nýtt. Umhverfið í dag væri mjög hliðhollt íslensku eðli, við værum ekki eins bundin af ýmiss konar aga og stærri fyrirtæki víða erlendis. Jón Ásgeir sagði Ísland vera statt neðarlega í úrvaldsdeild, við værum rétt að byrja að spila þar. Þótt við hefðum sýnt að við getum keypt stór fyrirtæki erlendis, ættum við eftir að sýna að við gætum rekið þau en af þeim verkum yrðum við dæmd.

Katrín sagði að á tímum spennu í efnahagslífinu eins og nú, væri mikilvægt að hlúa líka að útflutningsatvinnuvegunum. Hún kvartaði undan háu gengi krónunnar og sagði að stjórnvöld yrðu að sýna meira aðhald í fjármálum til að vinna gegn þenslu og háu gengi. Aðspurður um mikinn hlut bankanna í íslensku atvinnulífi, sem forsætisráðherra hafði gert að umræðuefni í sinni ræðu, sagði Ármann að til dæmis mætti bera hlutverk þeirra saman við það sem gerist í Þýskalandi. Þar ættu bankar stóra hluti í fyrirtækjum og væru virkir í stjórn þeirra, hér fjármögnuðu þeir aðra aðila sem tækju fyrirtæki yfir til að reka þau. Ragnhildur sagði bankana hafa með auknum umsvifum sínum skapað gríðarleg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki en að æskilegt væri að fleiri fjárfestar tækju svo virkan þátt í atvinnulífinu. Loks kom fram að þessi mikla sókn íslenskra fyrirtækja á erlenda grundu hefði meðal annars skilað sér í fjölgun sérfræðistarfa hér á landi. Ármann nefndi sem dæmi





50 manna áhættustýringardeild KB banka hér á landi, þar sem starfa hámenntaðir sérfræðingar, sem ekki væri helmingur af þeirri stærð ef ekki væri fyrir hin miklu umsvif fyrirtækisins erlendis. Svafa sagði framleiðslustarfsemi Actavis vera í auknum mæli að færast til verksmiðja erlendis en að sérfræðistörf á borð við þróunardeild væru meira hér á landi. Sagði hún einhverja gerjun og orku til staðar hér á landi sem ekki væri að finna annars staðar.

### 12.2 STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hélt hún ellefu fundi á starfsárinu. Auk fastra liða, það er efnahags- og kjaramála, var meðal annars fjallað um helstu verkefni SA á komandi starfsári, lífeyrismál, meðal annars vegna sameininga sjóða og breytinga á réttindamyndun, forsendur gjлдandi kjarasamninga, viðræður við stjórnvöld, viðræður við ASÍ um lífeyrismál, mál-efni Íbúðalánasjóðs, frjálsa för launamanna á Evrópska efnahagssvæðinu, starfsmannaleigur, atvinnuleysistryggingar og ráðningu nýs framkvæmdastjóra fyrir samtökin.

### 12.3 STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fimm sinnum saman á starfsárinu. Á fundum stjórnarinnar var fjallað um áherslur í starfi SA, verkefni skrifstofunnar á starfsárinu, efnahags-, kjar- og lífeyrismál.

### 12.4 FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórn SA og aðildarfélaganna átta hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Á fundum á starfsárinu var fjallað um fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Meðal umfjöllunarefna, auk efnahags- og kjaramála, var aðild Samorku að SA, samráð utanríkisráðuneytis við samtök í atvinnulífni, lífeyrismál, neyðslustaðall, verk-kannanir, úrvinnslumál, glermál Borgartúns 35, Evrópumál, helstu áherslur sem varða lög, reglur og stjórnvaldsákvæðanir, verkaskipting SA og aðildarfélaga, oliugjald, gengisþróun krónunnar, bréf samtakanna til fjármálaráðherra um álagningu virðisaukaskatts á þjónustu og vörusölu til

opinberra aðila, hlunnindamat ríkisskattstjóra á fyrirtækjabílum í fullum rekstri og skattlagning gengishagnaðar af erlendum lánum.

### 12.5 SAMORKA Í SA

Um mitt ár 2005 tók gildi aðild Samorku – Samtaka raforku-, hita- og vatnsveitna – að Samtökum atvinnulífsins sem áttunda aðildarfélags samtakanna. Jafnframt gerðust öll 38 aðildarfyrirtæki Samorku þar með aðildarfyrirtæki SA, en þrjú þeirra voru raunar fyrir með aðild að SA. Samtök atvinnulífsins fagna þessum nýju aðilum sem efla enn stöðu samtakanna sem heildarsamtaka íslensks atvinnulífs. Spennandi tímar eru framundan í orkugeiranum með aukinni samkeppni í greininni og mikið fagnaðarefni fyrir SA að þessi fyrirtæki hafi kosið að gerast aðilar.

### 12.6 MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþing SA eru tíu talsins og fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, skatta, menntun, jafnrétti, umhverfismál, lífeyrismál, samkeppni-islög, alþjóðamál og um rannsóknir og nýsköpun. Flestir hóparnir funda að jafnaði um það bil tvisvar á ári. Í tengslum við endurútgáfu ritsins *Áherslur atvinnulífsins* í maí 2005 voru fleiri fundir í flestum hópnum, en samantekt þess rits er að finna í ramma hér til hliðar.

### 12.7 STARFSFÓLK SA

Nokkrar breytingar urðu á skrifstofu samtakanna á starfsárinu. Ari Edwald, sem gegnt hafði starfi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins frá stofnun þeirra haustið 1999, tók við starfi forstjóra 365 miðla snemma árs 2006. Við starfi framkvæmdastjóra tók Vilhjálmur Egilsson. Þá fluttist Ástfríður M. Sigurðardóttir til Íslands og lét af störfum á Evrópskrifstofu SA í Brussel, en við því starfi tók Eva Margrét Ævarsdóttir. Guðrún Björk Bjarnadóttir var ráðin til starfa á vinnumarkaðssviði samtakanna og loks lét María Huldarsdóttir af störfum á skrifstofusviði samtakanna og hóf störf sem tækniteiknari hjá Brúnási, en í hennar stað var ráðin Berta S. Ólafsdóttir. Samtök atvinnulífsins þakka þeim Ara, Ástfríði og Maríu vel unnin störf í þágu samtakanna og óska þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.



## Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðsviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

## Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins



## ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur

Reykjavík, 3. apríl 2006.

### **PricewaterhouseCoopers hf**

Stefán Bergsson


löggildur endurskoðandi



**REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005**

	2005	2004
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarfélaga . . . . .	215.390.129	198.200.184
Þjónustusamningar . . . . .	9.632.984	7.780.108
Styrkur til hag- og tæknideildar . . . . .	2.400.000	2.400.000
Félagsheimilaskjöldur . . . . .	3.290.309	3.605.995
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu . . . . .	3.000.000	2.500.000
Aðrar tekjur . . . . .	3.281.170	2.736.177
	<u>236.994.592</u>	<u>217.222.464</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður . . . . .	139.521.672	131.859.526
Kostnaður v. funda og móta . . . . .	15.785.696	18.294.456
Útbreiðslu- og félagsmál . . . . .	34.651.916	25.625.373
Rekstur húsnæðis og annarra eigna . . . . .	13.599.501	9.274.010
Fyrningar . . . . .	9.032.964	9.367.225
	<u>212.591.749</u>	<u>194.420.590</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld) . . . . .</b>	<b>24.402.843</b>	<b>22.801.874</b>
<b>Fjármunatekjur og (-gjöld)</b>		
Vaxtatekjur . . . . .	12.478.651	2.958.637
Vextir og verðbætur . . . . .	(176.615)	(95.412)
	<u>12.302.037</u>	<u>2.863.225</u>
<b>Hagnaður ársins . . . . .</b>	<b><u>36.704.880</u></b>	<b><u>25.665.099</u></b>

**Greidd árgjöld 2005  
Flokkun eftir atvinnugreinum**



\* Aðild Samorku miðast við 1. júlí

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005**

**EIGNIR**

**Fastafjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign, Borgartún 35 . . . . .	157.880.122	161.311.076
Bifreið . . . . .	5.760.000	0
Sumarhús . . . . .	4.259.121	4.351.711
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld . . . . .	4.119.097	8.188.517
	<u>172.018.340</u>	<u>173.851.304</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutur í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins . . . . .	0	250.000
--	---	---------

**Fastafjármunir samtals** . . . . . 172.018.340 174.101.304

**Veltufjármunir**

Viðskiptamenn . . . . .	5.675.259	1.156.224
Vinnudeilusjóður SA . . . . .	139.305.783	17.796.793
Sjóður og bankainnstæður . . . . .	27.986.021	100.585.913
	<u>172.967.063</u>	<u>119.538.929</u>

**Eignir samtals** . . . . . 344.985.403 293.640.233

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé . . . . .	321.031.100	284.326.220
	<u>321.031.100</u>	<u>284.326.220</u>

**Skammtímaskuldir**

Ýmsar skammtímaskuldir . . . . .	23.954.303	9.314.013
	<u>23.954.303</u>	<u>9.314.013</u>

**Eigið fé og skuldir samtals** . . . . . 344.985.403 293.640.233

**ÁRITUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR**

Meðfylgjandi ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi þann 3. apríl 2006.

F.h. framkvæmdastjórnar,

Ingimundur Sigurpálsson, formaður sign.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri, sign.

**RÉTTARVERNDARSJÓÐUR SA ÁRIÐ 2005**


Höfuðstóll 01.01. . . . .	13.933.774	12.281.379
Ávöxtun ársins . . . . .	980.616	1.802.395
Lögfræðikostnaður . . . . .	-76.287	0
Úthlutað úr Réttarverndarsjóði . . . . .	0	-150.000
	<u>14.838.103</u>	<u>13.933.774</u>

# VINNUDEILUSJÓÐUR SA

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2005

	2005	2004
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarféлага	20.074.863	42.145.533
Húsaleiga	16.972.517	19.296.168
Fjármunatekjur	374.966.557	195.658.914
	<u>412.013.937</u>	<u>257.100.615</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Greiðslur til NEMIA	3.317.075	9.614.658
Rekstrarkostnaður húsnæðis	16.241.595	13.100.209
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	3.000.000	2.500.000
Innh.kostnaður, endurskoðun o.fl.	2.021.807	2.752.798
	<u>24.639.613</u>	<u>27.967.665</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	387.374.324	229.132.950
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtagjöld	(11.501.411)	(6.208.946)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<u>375.872.913</u>	<u>222.924.004</u>

**Skipting verðbréfaeignar  
Vinnudeilusjóðs 31.12. 2005**



Rúmlega 333,6 m.kr. af 2.143,2 m.kr. eigin fé sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun var 25,94% á síðasta ári.



**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005**

**EIGNIR**

**Fastafjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign . . . . .

Áhöld, tæki og innréttingar . . . . .

**2005**

**2004**

329.466.671

336.505.215

4.160.360

5.061.452

333.627.031

341.566.667

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Hlutabréf . . . . .

1.558.618.787

1.158.192.332

Skuldabréf . . . . .

448.519.932

429.756.134

Næsta árs afborgun skuldabréfa . . . . .

(23.211.366)

(23.952.293)

1.983.927.353

1.563.996.173

**Fastafjármunir samtals. . . . .**

**2.317.554.384**

**1.905.562.840**

**Veltufjármunir**

Skammtímakröfur:

Viðskiptakröfur . . . . .

349.131

1.789.427

Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa . . . . .

976.633

525.816

Næsta árs afborgun skuldabréfa . . . . .

23.211.366

23.952.293

Bankainnstæður . . . . .

102.109.234

27.300.638

126.646.364

53.568.174

**Eignir samtals . . . . .**

**2.444.200.748**

**1.959.131.014**

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé . . . . .

2.143.162.081

1.767.289.169

**Skammtímaskuldir**

Skammtímalán í erlendri mynt . . . . .

46.404.420

63.391.759

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur . . . . .

21.086.144

7.700.759

Skammtímalán fjárvörslu VBS . . . . .

90.316.492

100.000.000

Samtök atvinnulífsins . . . . .

139.305.783

17.796.793

Ýmsar skammtímaskuldir . . . . .

3.925.828

2.952.534

301.038.667

191.841.845

**Skuldir samtals . . . . .**

**301.038.667**

**191.841.845**

**Eigið fé og skuldir samtals. . . . .**

**2.444.200.748**

**1.959.131.014**

Samþykkt í stjórn sjóðsins, þann 3. apríl 2006.

# Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Arndís Arnardóttir,  
ritari



Auður Guðmundsdóttir  
bókari



Álfríður M. Sívertsen,  
lögmaður



Berta S. Ólafsdóttir,  
móttökuritari



Erlendur Jónsdóttir,  
móttökuritari



Eva Margrét Ævarsdóttir,  
forstöðumaður  
Evrópuskrifstofu SA



Guðlaugur Stefánsson  
hagfræðingur



Guðrún Björk Bjarnadóttir,  
lögmaður



Gústaf Adolf Skúlason,  
forstöðumaður stefnumót-  
unar- og samskiptasviðs



Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarfrankvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir,  
yfirfræðingur



Hörður Vilberg  
blaðamaður



Jón H. Magnússon,  
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,  
lögmaður



Jónína Gissurardóttir,  
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir  
forstöðumaður  
skrifstofusviðs



Pétur Reimarsson  
efnaverkefningur



Ragnar Árnason,  
forstöðumaður  
vinnurkaðssviðs



Vilhjálmur Egilsson,  
frankvæmdastjóri

## Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í september 1999 sem heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

## Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2000 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru átta og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Þau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samorka
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVP-Samtök verslunar og þjónustu

**Samtök atvinnulífsins**  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími 591 0000  
Myndsendir: 591 0050  
Veffang: [www.sa.is](http://www.sa.is)  
Netfang: [sa@sa.is](mailto:sa@sa.is)

**Evrópuskrifstofa atvinnulífsins**  
Avenue de Cortenbergh 168  
B-1000 Brussel  
Belgium  
Sími: 322 280 0852  
Myndsendir: 591 0050  
Netfang: [eva@sa.is](mailto:eva@sa.is)



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Borgartún 35, 105 Reykjavík  
[www.sa.is](http://www.sa.is)

